

DALRÚN KALDAKVÍSL

## Sjálfstæðar mæður

Ráðskonustarfið sem bjargráð fyrir  
einstæðar mæður á síðari hluta 20. aldar



**Kristín Chadwick:** Ég er ein að basla og þetta gengur ekki neitt. Ég er að vinna á daginn og að fara í frystihús á kvöldin að reyna að ná í pening – og aðrir að passa. Það gekk ekki. Svo ég bara vissi að ég yrði að gera eitthvað. Einn daginn sé í



Ritúð  
1. tbl. 24. árg. 2024 (139-178)  
Ritrynd grein

© 2024 Ritúð, tímarit Hugvísindastofnunar og  
höfundar greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritud.hi.is>.  
Tengiliður: [ritud@hi.is](mailto:ritud@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.24.1.6  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

*Vísi*, þá var *Visir* alltaf með mikið af auglýsingum, þar stóð: „Ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér börn.“ Þegar ég sé þessa auglýsingu þá vissi ég ekkert hvar þetta var á landinu, svo ég náði í landakort og fór að leita og fann þetta á Austurlandi. Mér var allveg sama hvert ég fór, bara að ég hefði þak yfir höfuðið og mat fyrir okkur, það var bara svoleiðis. Það var mjög erfitt að halda börnunum sínum þá – þá var það bara þannig að maður varð að fara út á land að vinna. Þarna var ekki verið að spá í margar krónur. Það var matur og þakið. Það var aðalmálið.<sup>1</sup>

Allt frá lokum 19. aldar lá straumur kvenna úr sveitum landsins í þéttbýlið, í leit að atvinnu og betri lífsgæðum.<sup>2</sup> Brotthvarf kvenna úr sveitum landsins á 20. öld skapaði aukna þörf fyrir aðfengið kvenkyns vinnuafli til að sinna kvennastörfum á sveitaheimilum, þar sem kynbundin verkaskipting tíðkaðist enn.<sup>3</sup> Við þessum vanda brugðust bændur með því að óska eftir ráðskonum til starfa. Þá upphófst tilflutningur á vinnuafli kvenna úr þéttbýli í dreifbýli sem hefur hlotið litla athygli í Íslandssögunni.<sup>4</sup> Það er ekki að undra, því hér um ræðir fólksflutninga kvenna sem að uppistöðu voru einstæðar mæður; kvenna sem hafa löngum verið hornreka í íslenskri sögu og samfélagi.

Skrif þessi hverfast um stærsta hóp kvenna sem sinnti ráðskonustarfinu á síðari hluta 20. aldar; ungar einstæðar mæður. Fræðimenn hafa bent á mikilvægi

<sup>1</sup> Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund. Grein þessi byggir á doktorsrannsókn höfundar: Dalrún Kaldakvís Eygerðardóttir, *Huldufreyjur. Ráðskonur í sveit á síðari hluta 20. aldar*, doktorsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2022.

<sup>2</sup> Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Vongóðar í nýju lýðveldi“, *Konur sem kjósa. Aldarsaga*, Reykjavík: Sögufélag, 2020, bls. 227–272, hér bls. 250; Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, „Staða kvenna í landbúnaði. Kynjafræðilegur sjónarhóll“, *Stjórnmál og stjórnsýsla* 1:5/2009, bls. 27–47; Dalrún Kaldakvís Eygerðardóttir, *Huldufreyjur*, bls. 67–69.

<sup>3</sup> Nína Rós Ísberg, *Migration and Cultural Transmission. Making a Home in Iceland*, doktorsritgerð í mannfræði við University of London, 2013, bls. 67; Sigríður Matthíasdóttir, „Nýja kvennahreyfingin á Norðurlöndunum á áttunda áratug 20. aldar“, *Stjórnmál og stjórnsýsla*, 8:1/2012, bls. 195–217; Erla Hulda Halldórsdóttir, „Hvað er þá orðið okkar starf?“, *Konur sem kjósa*, bls. 277–341, hér bls. 325, 326, 329, 331; sami, „Kvennakraftur“, *Konur sem kjósa*, bls. 469–532, hér bls. 507; Dalrún Kaldakvís Eygerðardóttir, *Huldufreyjur*, bls. 63–69, 86–88, 130–134.

<sup>4</sup> Fræðimenn horfa gjarnan til fólksflutninga úr sveitum sem eins línulegs ferlis án þess að gera grein fyrir þeirri víxlverkan sem er á milli þéttbýli og dreifbýlis. Sjá Carolyn E. Sachs, *Gendered Fields. Rural Women, Agriculture and Environment*, London: Routledge, 1996, bls. 4.

Þess að gera grein fyrir félagslegri stöðu kvenna í launuðum heimilisstörfum, í því skyni að draga fram þá orsakabætti sem auk kynferðis hafa áhrif á starfsþátttöku þeirra.<sup>5</sup> Slíkt er markmið þessara skrifa sem fjalla um ástæðurnar að baki því að einstæðar mæður réðu sig sem ráðskonur í sveit á umbyltingartímum í velferðar- og atvinnumálum kvenna á Íslandi. Þegar horft er yfir ráðskonusöguna á síðari hluta 20. aldar, kemur í ljós að einstæðu mæðurnar sem fylltu í skörð brottfluttra kvenna á sveitaheimilum á þessu tímabili, voru ekki bara ungar að aldri með litla menntun að baki, heldur voru þær einnig oftast fátækar. Það vitnar um að launuð heimilisstörf voru ekki eingöngu kynjaskipt heldur einnig stéttaskipt. Skrifin sýna að ráðskonustarfið þjónaði að vissu leyti sem félagslegt úrræði fyrir einstæðar mæður og börn þeirra á síðari hluta 20. aldar. Skrifin byggja á 41 viðtali sem ég tók við fyrrum ráðskonur sem störfuðu á 72 sveitabæjum, en þar af störfuðu 34 viðmælendanna sem einstæðar mæður með barn/börn á sínu framfæri á 57 bæjanna.<sup>6</sup>

### *Aðferðafræði rannsóknarinnar; munnleg saga (e. oral history)*

Allt frá landnámstíð hafa íslenskar ráðskonur, sem voru hæstráðandi í röðum heimilishjúa, sinnt grundvallarstörfum innanbæjar. Engu að síður er saga þessarar gamalgrónu kvennastéttar sveipuð vissri dulúð sem einkennir jafnan sögu hópa sem lítið er til um af rituðum heimildum. Saga heimilishjúa á alþjóðavísu lá löngum óbætt hjá garði með hliðsjón af fræðilegum skrifum, en með tilkomu feminískra áherslna í rannsóknum á 8. áratug 20. aldar, öðru fremur á sviði sagnfræðinnar og félagsvísindanna, færðust fræðilegar athuganir á heimilishjúum í aukana.<sup>7</sup>

<sup>5</sup> Bridget Anderson, *Doing the Dirty Work? The Global Politics of Domestic Labour*, London: Zed Books, 2000; Helle Stenum, „Housemaids of the Past and Au Pairs of Today in Denmark“, *Labour, Unions and Politics under the North Star. The Nordic Countries, 1600–2000*, ritstjórar Mary Hilson, Silke Neunsinger og Iben Vyyf, New York, NY: Berghahn Books, 2017, bls. 122–139.

<sup>6</sup> Meginheimildirnar að baki þessum skrifum eru viðtöl mín sem töldu í heildina á sjöunda tuginn.

<sup>7</sup> Raffaella Sarti, „Historians, Social Scientists, Servants, and Domestic Workers“, *Towards a Global History of Domestic and Caregiving Workers*, ritstjórar Dirk Hoerder o.fl., Leiden; Boston: Brill, 2015, bls. 25–60, hér bls. 39; Nina Trige Andersen, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Silke Neunsinger, Pete Pesonen, Vilhelm Vilhelmsson og Hanne Østhus, „Longer, broader, deeper, and more personal – the renewal of labour history in the Nordic countries“, *Scandinavian Economic History Review*, 2013, bls. 1–17, hér, bls. 6–7; Christian G. De Vito, Juliane Schiel og Matthias Van Rossum, „From Bondage to Precariousness? New Perspectives on Labor and Social History“, *Journal of Social History* 54:2/2019, bls. 1–19, hér bls. 3.

Skortur á heimildum er byggja á sjónarhorni heimilishjúa, þar með talið skilgreiningar á því hvað störf þeirra fela í sér, gerir erfitt um vik að skrifa sögu hjúa út frá sjónarhorni hjúa.<sup>8</sup> En það vill gjarnan gleymast í sagnfræðinni að sagan er ekki alltaf liðin, að sagan lifir oft enn í minnum manna. Í slíkum tilvikum er sagnfræðingurinn í aðstöðu til að vitja sögunnar, ef svo má að orði komast; sagnfræðingurinn er í aðstöðu til að skapa nýjar sögulegar heimildir með því að skrasetja minningar manna með aðferðum munnlegrar sögu. Slík er raunin hvað viðkemur sögu íslenskra ráðskvenna í sveit á ofanverðri 20. öld – sögu sem lifir enn í hugum ótal kvenna sem störfuðu sem ráðskonur á þeim tíma.

Viðtölin sem rannsókn þessi byggir á eru samtímafrásagnir fyrrum ráðskvenna um ráðskonuvist þeirra í fortíðinni; munnleg vinnusaga (e. *oral labor history*) ráðskvenna. Í einfölduðu máli er munnleg saga; saga sem er mælt af munni fram í viðtali. Þessi sagnfræðilega nálgun á fortíðina sem á sér stað í samtímanum, viðtalinu, er þó vitaskuld flóknari en svo. Munnleg saga er í megindráttum aðferðafræði sem felur í sér að sagnfræðingur tekur viðtal við einstakling, skráir viðtalið á hljóðform/myndform, skrifar frásögn viðmælandans upp á ritað form, greinir viðtalsfrásögnina með hliðsjón af bæði upptöku og uppskrift viðtalsins, og að endingu miðlar sagnfræðingurinn efni viðtalsins í formi sagnfræðilegrar þekkingar.

Minningar eru kjarni munnlegrar sögur; persónulegar minningar viðmælanda sem vitna um reynslu þeirra, upplifun og viðhorf.<sup>9</sup> Þær minningar gefa ekki aðeins hugmynd um lífsreynslu viðmælanda, heldur einnig skilning þeirra sem kemur meðal annars fram í því; hvað þeir segja og hvernig þeir segja það – nokkuð sem fellur í hlut sagnfræðingsins að draga fram, skýra og setja í víðara sögulegt samhengi. Viðtalsagnfræðingar (e. *oral historians*) fagna huglægni viðmælanda – því styrkur munnlegu sögunnar er fölginn í huglægni viðmælandans, sem ræðst af ótal þáttum á borð við kyn, stétt, pólitískar skoðanir, og svo má lengi telja.<sup>10</sup> Einn helsti forvígismaður munnlegrar sögu, viðtalsagnfræðingur-

<sup>8</sup> Bridget Anderson, *Doing the Dirty Work?*, bls. 11–12; Pamela Sambrook, *Keeping Their Place. Domestic Service in the Country House*, Gloucestershire: The History Press, 2009, bls. 13. Vilhelm Vilhelmsson segir að; „Meðal sagnfræðinga er algengt að skilgreina vinnuhjú sem fólk sem ræður sig til lengri tíma og býr inni á heimilum vinnuveitenda sinna“, en segir þó að hugtakið vinnuhjú sé margslungnara en svo. Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk? Vald og andóf á Íslandi á tímum vistarbands*, doktorsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2015, bls. 99.

<sup>9</sup> Donald Ritchie, *Doing Oral History*, New York: Oxford University Press, 2015 [2002]. Kindle útgáfa, bls. 1.

<sup>10</sup> Alessandro Portelli, „What makes Oral History Different“, *The Oral History reader*, ritstjórar Robert Perks og Alistair Thomson, London og New York: Routledge, 2006 [1998], bls. 49–60, hér bls. 54–55 og 59–60.

inn Alessandro Portelli, segir að engin munnleg saga sé röng; munnleg saga býr ætíð að einhverjum sannleik, huglægum sannleik, sem er hluti af sögunni og varpar persónulegu ljósi á hana. Samkvæmt Portelli segja munnlegar heimildir okkur ekki aðeins hvað fólk gerði, heldur „hvað það vildi gera, hvað það taldi sig vera að gera, og hvað það telur sig nú hafa gert.“<sup>11</sup>

Munnlegri sögu er gjarnan lýst sem lifandi sögu því heimildagjafi hennar er lifandi fólk; sagnfræðingurinn les í og leiðir áfram lifandi manneskju í frásögn hennar í viðtalinu.<sup>12</sup> Sagnfræðiviðtalið (e. *oral history interview*) er á vissan hátt samtal milli sagnfræðings og viðmælanda fyrir opnum tjöldum. Samtalið sem einkennir munnlega sögu byggir í reynd á meiru en einu samtali. Í fyrsta lagi hinu innra samtali sem viðmælandinn á við sjálfan sig í huganum er hann gerir upp hvernig skal svara spurningum sagnfræðingsins, í öðru lagi samtalið milli sagnfræðingsins og viðmælandans í viðtalinu og í þriðja lagi samtalið sem sagnfræðingurinn á við samfélagið á grunni viðtalsins.<sup>13</sup>

Meginsérkenni munnlegrar sögu felst í því að sagnfræðingurinn skapar sögu-  
legar heimildir í samvinnu við viðmælandann sem miðlar minningum sínum í viðtalinu.<sup>14</sup> Líkt og Portelli segir í grein sinni „What Makes Oral History Different“, þá er sagnfræðingur sem styðst við aðferðir munnlegrar sögu ekki að uppgötva heimildir heldur er hann að hluta til að skapa þær, hann er á sinn hátt meðhöfundur. Sagnfræðingurinn er sá sem velur viðmælendur sína, semur spurningarnar, ákveður hvað hann tekur úr frásögn viðmælanda að viðtalinu loknu og færir viðtalið í ritað form sem felur í sér túlkun hans á ræðu viðmælandans.<sup>15</sup>

Munnleg saga er aðferðafræði til að fanga og skilja söguna, en sú aðferðafræði á sér einnig sína eigin sögu. Á öndverðri 20. öld var fyrst farið að notast við orðasambandið munnleg saga sem aðferð til að skrá og varðveita mæltu sögu manna.<sup>16</sup> Munnleg saga var frá byrjun hugsuð sem leið til þess að skrá minn-

<sup>11</sup> Alessandro Portelli, „What makes Oral History Different“, bls. 36.

<sup>12</sup> Í ljósi þess að munnleg saga grundvallast á samspili lifandi fólks, viðmælandans og spyrilsins, hefur hún í síauknum mæli tekið mið af aðferðum utan sagnfræðinnar, sérilagi félagsvísindanna, sem vinna gjarnan með fólk. Sjá Lynn Abrams, *Oral History Theory*, New York: Routledge, 2016, bls. 18–19 og 54–55.

<sup>13</sup> Sama rit, bls. 18–19 og 76; Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Driftung: Feminist oral history and the study of the last female drifters in Iceland“, *Feminist Research* 1/2018, bls. 1–15, hér bls. 5–7.

<sup>14</sup> Lynn Abrams, *Oral History Theory*, bls. 7.

<sup>15</sup> Alessandro Portelli, „What makes Oral History Different“, bls. 40.

<sup>16</sup> Rithöfundurinn og bóheminn Joe Gould (1889–1957) notaðist fyrstur manna við orðasambandið munnleg saga (e. *oral history*) í tengslum við þá aðferð að taka viðtöl við fólk um lífsreynslu þeirra, engu að síður kemur nafn Gould lítt fyrir í fræðilegum skrifum um

ingar manna áður en þær minningar urðu gleyskunnri að bráð; *bjarga* í hús upplýsingum sem gátu gefið innsýn í tímabil, sögulega atburði og hversdagslíf sem var yfirleitt liðið eða var að liða undir lok. Hvatinn að baki því að skrá munnlega vitnisburði manna var ekki bara hugsunin um að skrá söguna til að varðveita hana, heldur einnig að skyggast í og skilja söguna – öðlast skilning á því sem er horfið eða er á hverfandi hveli.<sup>17</sup>

Á sjöunda áratugnum fóru sagnfræðingar að marki að styðjast við aðferðir munnlegrar sögu í rannsóknnum sínum á sögu undirokaðra hópa, ekki síst í rannsóknnum á sögu verkalýðsins og á sögu kvenna.<sup>18</sup> Straumhvörf urðu í rannsóknnum á verkalýðssögunni þegar hin nýja vinnusaga (e. *new labor history*) leit dagsins ljós, þar sem meiri áhersla var lögð á líf og störf verkalýðsins og minni áhersla á sögu verkalýðsfélaganna líkt og tíðkaðist fyrrum.<sup>19</sup> Á sama tíma fóru femínískir fræðimenn í auknum mæli að notast við aðferðir munnlegrar sögu í þeim tilgangi að greina kúgun kvenna og rétta hlut þeirra í sögu og samfélagi, þar með talið í rannsóknnum sínum á vinnusögu kvenna sem sinntu launuðum og ólaunuðum heimilisskörfum.<sup>20</sup>

Femínískir sagnfræðingar sáu að það var ekki nóg að auka við upplýsingar um konur í sögunni, heldur þurfti að breyta rannsóknaraðferðum sagnfræðinnar með hliðsjón af sjónarhorni kvenna. Sagan hefur löngum einskorðast við

---

munnlega sögu. Sjá Jill Lepore, *Joe Gould's Teeth*, New York: Alfred A. Knopf, 2016, bls. 110; Charles T. Morrissey, „Why Call it „Oral History“? Searching for Early Usage of a Generic Term“, *The Oral History Review* 8/1980, bls. 20–48; Joseph Mitchell, *Joe Gould's Secret*, New York: Viking Press, 1965. Samborgari og samtímamaður Gould, bandaríski blaðamaðurinn og sagnfræðingurinn Alan Nevins (1890–1971) er iðulega nefndur upphafsmaður munnlegrar sögu. Nevins var fyrstur fræðimanna til að stuðla að hnitmiðaðri hljóðritun og varðveislunni á munnlegri sögu. Sjá Paul Thompson, *The Voice of the Past*, Oxford: Oxford University Press, 2000 [1978]. Kindle útgáfa, bls. 64.

<sup>17</sup> Hér er vert að minna á að skráning á munnlegum vitnisburðum var löngum talin mikilvægur liður í sagnaritun fyrri alda áður en farið var að tala um það sem sértæka aðferðafræði, svo sem sagnfræðiskrif hins forngríska Heródótusar um Persastríðin, eða þá skrif sagnaritarans Gísla Konráðssonar, sem studdist gjarnan við munnlega vitnisburði manna í sagnaritun sinni á 19. öld í því skyni að varpa ljósi á liðna tíð og atburði.

<sup>18</sup> Joan Sangster, „Oral History and Working Class History. A Rewarding Alliance“, *Forum d'histoire orale* 33/2013, bls. 1–15, hér bls. 2. Notkun á munnlegri sögu í því skyni að nálgast söguna frá sjónarhorni afskiptra hópa var í anda félagsögunnar. Sjá: Paul Thompson, *The Voice of the Past*, bls. 3.

<sup>19</sup> Rick Halpern, „Oral History and Labor History. A Historiographic Assessment after Twenty-five years“, *The Journal of American History* 85:2/1998, bls. 596–610, hér bls. 596.

<sup>20</sup> Paul Thompson fjallar um mikilvægi munnlegrar sögu hvað viðkemur skráningu á sögu hópa þar sem skortur er á rituðum heimildum, líkt og í tilfelli heimilishjúa. Paul Thompson, *The Voice of the Past*, bls. 272. Sjá einnig Joan Sangster, „Oral History and Working Class History“, bls. 10.

sjónarhorn karla og því hafa aðferðir sagnfræðinnar mótast af því sjónarhorni og munnleg saga var þar ekki undanskilin. Í þeim tilgangi að aðlaga munnlega sögu að reynsluheimi og tjáningarmáta kvenna hafa femínískir fræðimenn stuðst við margvíslegar nálganir sem runnar eru frá ýmsum fræðasviðum svo úr varð sérsvið er gengur undir heitinu femínísk munnleg saga (e. *feminist oral history*). Femínískir fræðimenn voru leiðandi í því að þróa aðferðir í viðtölum, sem gera viðmælendum kleift að miðla reynslu sinni á huglægan máta. Hluti af kvenmiðaðri viðtalsnálgun femínískra sagnfræðinga fólst sérílagi í því að hylla huglægni í munnlegri sögu og draga úr stigveldi sem skapast í viðtölum, þar sem spyrilinn/sagnfræðingurinn hefur ákveðið vald umfram viðmælandann.<sup>21</sup> Femínískir fræðimenn lögðu áherslu á að viðtalið léði konum rými til að miðla persónulegri reynslu sinni, upplifun og viðhorfum út frá eigin sjónarhorni. Í þessari rannsókn er stuðst við áherslur femínískrar munnlegrar sögu, með því að skrá og greina sögu einstæðra mæðra í ráðskonuvist á grunni reynsluheims kvennanna, sjónarhorns þeirra og tjáningu í viðtölunum. Sú nálgun rannsóknarinnar kristallast í orðum hins leiðandi femíníska viðtalsfræðings Sherna Berger Gluck:

Konur neituðu að vera áfram raddlausar í sögunni, og eru nú að skapa nýja sögu – með því að hlýða á eigin raddir og eigin reynslu. Við ögrum hefðbundnum hugtökum sögunnar, því sem er „sögulega mikilvægt,“ og við staðfestum það að okkar daglega líf er saga. Með því að notast við munnlega hefð, sem er eins gömul og minni manna, þá erum við að endurbyggja fortíð okkar.<sup>22</sup>

Viðtalsheimsóknir mínar til fyrrum ráðskvenna á heimili þeirra, sjálf viðtalsvinnan, varð hluti af sögunni sem ég skráði, greindi og miðlaði um íslenskar ráðskonur.<sup>23</sup> Viðtölin voru samstarf milli mín sagnfræðingsins sem hafði löngun

<sup>21</sup> Sjá Kathryn Anderson og Dana J. Jack, „Learning to listen. Interview Techniques and Analysis“, *Women's Words. The Feminist Practice of Oral History*, ritstjórar Sherna Berger Gluck og Daphne Patai, New York: Routledge, 1991, bls. 11–26; Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Konur á vatnaskilum. Hugvekja um femíníska munnlega sögu“, *Sagnir* 32/2018, bls. 42–57.

<sup>22</sup> Sherna Berger Gluck, „What's so Special about Women. Women's Oral History“, *Women Studies* 2:2/1977, bls. 3–17, hér bls. 3. Sjá einnig Sherna Berger Gluck og Daphne Patai, „Introduction“, *Women's Words. The Feminist Practice of Oral History*, ritstjórar Gluck, Sherna Berger og Daphne Patai, New York: Routledge, 1991, bls. 1–6.

<sup>23</sup> Portelli segir að líta megi á sjálft viðtalið í munnlegri sögu sem sögulegan atburð sem kallar á sérstaka rýni. Alessandro Portelli, „Uchronic dreams. Working-class memory and possible words“, *The Myths We Live By*, ritstjórar Raphael Samuel og Paul Thompson, London og New York: Routledge, bls. 143–160, hér bls. 143.



til að skrá lífsreynslu kvenna af ráðskonustarfinu og viðmælenda minna sem miðluðu minningum sínum af ráðskonustarfinu.<sup>24</sup> Þekkt er í viðtalsfræðunum að bakgrunnur, kyn og aldur spyrilsins, getur haft áhrif á frásögn viðmælenda. Það er ekki sama hverjum þú segir söguna því sagan breytist eftir því hverjum þú segir hana – það er gömul saga og ný.<sup>25</sup> Ætla má að kynferði mitt hafi verið viðtalsvinnunni til góðs, þar sem konurnar reifuðu ýmis málefni er varða reynsluheim kvenna. Á sama tíma gat háskólamenntun mín, spyrilsins, haft neikvæð áhrif á sjálfsöryggi kvennanna í hlutverki sínu sem sögumenn í viðtölunum. Langflestar kvennanna höfðu eingöngu lokið barnaskóla og ljóst var að margar þeirra skömmuðust sín fyrir að hafa ekki meiri menntun. Í viðtölunum véku þær konur gjarnan að eftirsjá sinni gagnvart því að hafa ekki haft tækifæri á að afla sér frekari menntunar sökum barneigna og laklegs baklands: „Mig langaði að mennta mig eitthvað meira. En það var enginn tilbúinn að hjálpa mér með drenginn.“<sup>26</sup> Slíkt óöryggi af hálfu viðmælendanna varði þó einatt stutt í viðtölunum, því sjálfsöryggi kvennanna sem heimildarmenn fyrir rannsóknina grundvallaðist fyrst og fremst á þeirri þekkingu sem fólst í lífsreynslu þeirra. Konurnar höfðu flestar náð háum aldri þegar viðtölin voru tekin og höfðu því upplifað aðra tíma en ég; þær voru alviturir sögumenn sem gátu frætt mig um fortíðina út frá sínu persónulega sjónarhorni.

Naudsynlegt var að kanna bakgrunnssögu kvennanna í því skyni að varpa ljósi á hvernig félagsleg staða þeirra hafði áhrif á þá ákvörðun kvennanna að starfa sem ráðskonur á sveitabæjum. Slíkt var mögulegt með því að styðjast við viðtalsformið lífsferilsviðtal (e. *life story interview*), þar sem viðmælendum gafst tækifæri á að setja ráðskonustarf sitt í samhengi við ævi sína. Til þess að skrá viðtalsfrásagnir ráðskvennanna á sem ítarlegastan máta, og um leið stuðla að áreiðanlegri viðtalsgreiningu, kvikmyndaði ég flest viðtölin.<sup>27</sup> Kvikmyndun á

<sup>24</sup> Portelli talar um munnlega sögu sem lærdómsferli fyrir rannsakandann. Alessandro Portelli, *The Say in Harlan County: An Oral History*, New York: Oxford University Press, 2011. Kindle útgáfa, bls. 7.

<sup>25</sup> Sjá Svetlana Alexievich, *The Unwomanly Face of War: An Oral History of Women in World War II*, þýðendur Richard Pevear og Larissa Volokhonsky, New York: Penguin Random House, 2017 [1985], 3. útgáfa. Kindle útgáfa, inngangskafli.

<sup>26</sup> Þorbjörg S. Þórarinsdóttir (f. 1942), viðtal við höfund.

<sup>27</sup> Gengið var skriflega frá upplýstu samþykki viðmælenda gagnvart notkun efnis viðtalanna þegar þau voru tekin. Í tengslum við hagnýtar leiðbeiningar er varða viðtalstækni, siðareglur, úrvinnslu og fleira sjá: <http://munnlegsaga.is>. Mikill meirihluti kvennanna samþykkti að koma fram undir nafni: 35 konur kusu að koma fram undir nafni en 6 konur kusu að koma fram undir nafnleynd vegna ólíkra ástæðna. Nær öll viðtölin voru tekin upp á heimilum viðmælenda, að undanskildum fjórum símaviðtölum sem voru tekin upp á COVID-19 tímanum. Sökum þess að margir viðmælendanna störfuðu á fleiri en





Ágústa Anna Valdimarsdóttir

viðtölunum var hluti af femínískri nálgun rannsóknarinnar varðandi skráningu og greiningu á tjáningu kvenna sem segja lífssögu sína.<sup>28</sup> Áhersla var lögð á að greina frásagnarefni og tjáningarmáta ráðskvennanna (*e. oral analysis*) í viðtölunum, sérílagi þau atriði sem viðmælendur reifa í viðtölunum, framsögn og frásagnarhátt viðmælenda og sjálfsmyndir.<sup>29</sup> Víst er að kvikmyndun fangar best tjáningu viðmælenda.<sup>30</sup> Kvikmynduð viðtöl gefa færi á mun ítarlegri og nákvæm-

---

einum bæ sem ráðskonur birti ég ákveðnar upplýsingar undir nafnleynd. Hér er ekki síst vísað til lýsinga á ofbeldi sem konurnar urðu fyrir í ráðskonuvistinni. Að því sögðu ber að geta þess að konurnar kusu langflestar að koma fram undir nafni þegar þær lýstu líku ofbeldi. Nöfn sveita, sveitabæja og ábúenda eru ekki nefnd í rannsókninni.

<sup>28</sup> Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Huldufreyjur*, bls. 28–31. Sjá einnig Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Sytrur minninga úr Mýrdalnum. Rannsókn á munnlegri sögu*, B.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2015, bls. 25 og 61–66.

<sup>29</sup> Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Huldufreyjur*, bls. 34–42.

<sup>30</sup> Dan Sipe, „The Future of Oral History and Moving Images“, *The Oral History reader*,

ari greiningu á viðtalinu, og því er kostvænlegt að kvikmynda viðtöl, þó svo að sagnfræðingur noti myndefnið jafnvel eingöngu í greiningarvinnu sinni. Þegar ég hóf skrif þessarar greinar kom einnig skýrt í ljós hvernig kvikmyndun viðtala þjónar sem *minni* sagnfræðingsins. Hljóðupptökur viðtalanna einar og sér gefa mér ekki eins góða innsýn í efni viðtalanna eins og þegar stuðst er bæði við hljóð- og myndupptökur viðtalanna – nú nokkrum árum eftir að viðtölin fóru fram. Að vitja sögu ráðskvenna í kvikmynduðum viðtölum mínum við þær konur, var líkt og að fara aftur í tímann, til þeirra stunda er ég sat andspænis fyrrum ráðskonum Íslands og það þær að segja mér sögu sína.

### *Ráðskona óskast í sveit*



Halldóra Gestsdóttir (til vinstri) og Ásdís Árnadóttir

**Halldóra Gestsdóttir:** Ég mátti hafa barn: „Ráðskona óskast í sveit, má hafa með sér barn.“ Þetta var svolítið algeng setning á þessum árum. Það var bara dálítið mikið um að það væru einstæðar mæður, sem voru kannski í vandræðum með vinnu. Þá leysti þetta þennan vanda þeirra; að geta farið út í sveit og haft krakkann með sér og unnið venjuleg sveitastörf.<sup>31</sup>

---

ritstjórar Robert Perks og Alistair Thomson, London og New York: Routledge, 2006 [1998], bls, 406–415, hér bls. 409–410.

<sup>31</sup> Halldóra Gestsdóttir (f. 1951), viðtal við höfund.

Ein þekktasta staðalímynd ráðskvænna er af einstæðu móðurinni sem fer í ráðskonuvisit með börn sín – ímynd sem grundvallast ekki síst á auglýsingatextanum „Ráðskona óskast í sveit. Má hafa með sér barn.“<sup>32</sup> Staðalímynd sú stendur fyllilega undir nafni því það voru oftast ungar einstæðar mæður úr þéttbýli sem gerðust ráðskonur í sveit á síðari hluta 20. aldar.<sup>33</sup> Það heyrði til undantekninga að ráðskona væri í hjúskap.


Ráðskonustarfið á síðari hluta 20. aldar var í grunninn farandkvennastarf. Áður en konurnar réðu sig til ráðskonustarfa höfðu flestar þeirra lokið grunn-skólaþrófi og sinnt ýmsum verkastörfum. Á liðinni öld var algengt að ófaglært fólk stundaði hin ýmsu verkamannastörf, jafnvel á sama árinu. Í viðtölunum töluðu konurnar stundum um að hafa verið á flækingi eða á flakki einhvern hluta ævinnar er þær stunduðu mismunandi atvinnu á mismunandi landsvæðum – þær voru með öðrum orðum farandverkakonur. Margar kvennanna sem rætt var við höfðu litla eða jafnvel enga reynslu af því að halda heimili, og fæstar höfðu sérstakan áhuga á heimilisstörfum; forsenda þess að þær voru ráðnar í ráðskonustarfið var sú að þær voru konur. Flestir vinnuveitendur ráðskvænna á síðari hluta 20. aldar voru einhleypir miðaldra karlmenn, þar með taldir piparkarlar og einstæðir feður, sem höfðu þörf fyrir kvenkyns starfskraft til að stýra heimilinu.<sup>34</sup> Þörf sveitaheimila, öðru fremur einstæðingsbænda, fyrir kvenkyns starfskraft til að sinna heimilishaldi, spratt upp af djúprættum hugmyndum um að heimilisstörf væru ætluð konum: „Þetta voru tveir piparkarlar sem áttu heima þarna – þeim fannst bara ágætt að fá einhvern kvenmann til að hugsa um sig.“<sup>35</sup>

<sup>32</sup> Auglýsing í *Dagblaðinu Vísu*, 8. ágúst 1986, bls. 36. Velta má vöngum yfir því hvort skáldsaga metsöluhöfundarins Snjólaugar Bragadóttur frá 8. áratugnum, *Ráðskona óskast í sveit – má hafa með sér barn*, hafi ekki átt stóran þátt í því að festa ímyndina enn betur í sessi. Mikill meirihluti viðmælendanna kannaðist við tilvist bókarinnar, þó flestar kvennanna hefðu ekki lesið hans. Konurnar vísuðu einatt til orðasambandsins sem auglýsingatexta.

<sup>33</sup> Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Huldufreyjur*, bls. 142.

<sup>34</sup> Algengt var að ráðskonur störfuðu á bæjum þar sem hjuggu fleiri en einn aðili, svo sem feðgar, mæðgin eða einstæðir feður og börn þeirra. Einnig kom við sögu að konurnar störfuðu á heimilum þar sem vinnuveitendurnir voru hjón, en þegar svo bar undir þá sinntu ráðskonurnar iðulega störfum sínum í veikindaförföllum húsmóður. Það heyrði til undantekninga að ráðskonurnar störfuðu undir stjórn húsmóður, en þegar svo bar undir var húsmóðirin gjarnan útvinnandi og ráðskonan oflega á unglingsaldri

<sup>35</sup> Ásdís Árnadóttir (f. 1936), viðtal við höfund. Vinnukonur og ekki síst kaupakonur réðu sig (á sumrin) á sveitabæi fram eftir 20. öldinni. Hluti þeirra kvenna voru með börn sín með sér í vistinni þó svo það væri ekki eins algengt og í tilfelli ráðskvænna. Það dró talsvert úr ráðningu kaupkvenna er líða tók á seinni hluta aldarinnar. Vinnukonustéttin lagðist að mestu af á 20. öldinni (í dreifbýli og þéttbýli).



Svanhildur Sif Haraldsdóttir

**Svanhildur Sif:** Í seinna skiptið sem ég fór sem ráðskona þá var ég líka í erfiðri stöðu í lífinu. Ég var í sambúð, búin að eignast eldra barnið mitt sem var í leikskóla og var ófrísk af yngra barninu. Ég er komin þrjá mánuði á leið og þá heldur barnsfaðir minn fram hjá mér, sem var skellur. Það var bara horror að vera einstæð móðir með tvö lítil börn. Ég var að reyna að leita mér að húsnæði, þetta var bara hræðilegt sko. Ég fékk tímabundið húsnæði. Ég man þegar ég kom af fæðingarveildinni – ég sat og kleip sjálfa mig; er þetta draumur? Ég hugsaði bara; hvað á ég að gera, hvað á ég að gera. Svo hugsaði ég með mér; kannski ætti ég að athuga með að fara sem ráðskona í sveit. Ég hafði heyrt að félagsþjónustan væri með búslóðageymslu og myndi leyfa manni að geyma dótið frítt. Ég byrja á að panta mér viðtal hjá félagsráðgjafa. Ég sagði henni að mig langaði að vera meira heima með börnunum mínum, en ekki að henda þeim í pössun og þurfa að vinna frá átta til sjö, með svona lítil börn. Konan hjá félagsþjónustunni sagði mér að hún vildi að fleiri konur gerðu þetta; fara út á land með krakkana sína. Það er bara svo erfitt að búa við svona óöryggi. En svo hugsa ég núna, að hún hefði frekar átt að segja: „Mikið vildi ég óska þess að það væru til betri lausnir fyrir

einstæðar mæður en að þurfa að gera þetta.“ Því þetta var kannski ekki rosalega góð lausn, að vera á þvælingi og búa inn á öðrum – til lengdar allavega. Jújú kannski var þetta góð lausn til bráðabirgða.<sup>36</sup>

Einstæðum mæðrum fjölgaði mikið á hinum almenna vinnumarkaði á síðari hluta 20. aldar vegna aukinna hjónaskilnaða og barneigna utan vígðra sambúða.<sup>37</sup> Síðari hluti 20. aldar var mikill vendingartími fyrir konur á Íslandi með hliðsjón af barneignum, hvort heldur um ræðir ört vaxandi atvinnuþáttöku kvenna, aukið framboð á getnaðarvörnum, framfaraskref í löggjöfum um þungunarrof, fræðslu um kynlíf og barneignir, lagabreytingar um forsjá foreldra yfir barni og betrubætur á dagvistunarræðum.<sup>38</sup> Taka verður mið af því að viðmælendur mínir fyrrum ráðskonurnar voru fæddar á ólíkum tímabilum og upplifðu því þennan umbrotatíma í málefnum kvenna á mismunandi tímum ævi sinnar. Ráðskonurnar sem ég tók viðtöl við fæddust á tímabili er spannaði fjóra áratugi (4.–7. áratug 20. aldar) og dreifðust nokkuð jafnt á þá áratugi, þó litlu færri á 4. áratugnum. Þrátt fyrir mikinn aldursmun viðmælenda var ríkur samhljómur í viðtölunum varðandi þau bágu kjör sem þær einstæðu mæður upplifðu á síðari hluta 20. aldar. Konurnar reifuðu iðulega sömu erfiðleikana sem þær stóðu frammi fyrir í einstæðingsskap sínum, þvert á kynslóðir. Viðtöl mín við einstæðu mæðurnar, sem og ritheimildir á borð við blaðaviðtöl við einstæðar mæður á síðari hluta 20. aldar, sýna að þó svo að félagsleg staða einstæðra mæðra á Íslandi hafi batnað umtalsvert á 20. öldinni einkenndist hagur þeirra mæðra í lægri lögum samfélagsins áfram af miklu basli allt til aldarloka.<sup>39</sup>

<sup>36</sup> Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.

<sup>37</sup> Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi“, *Fléttur 2*, ritstjóri Irma Erlingsdóttir, Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004, bls. 191–214, hér. bls. 206; *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, ritstjórar Guðmundur Jónsson og Magnús M. Magnússon, Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997, bls. 141. Sjá einnig: *Mannfjöldaskýrslur. Árin 1961–70*, bls. 18–23, 30–33 og 38. *Mannfjöldaskýrslur. Árin 1971–80*, bls. 20, og 47–59 og 58. Sjá líka gögn yfir mannfjölda og einstæðar mæður hjá Hagstofu Íslands.

<sup>38</sup> Sjá Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir (ritstjórar), *Konur sem kjósa*, bls. 444–445, 447, og 570; Sigriður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*, Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1993, bls. 363–373; Dahrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Huldufreyjur*, bls. 144–156.

<sup>39</sup> Viðhorf einstæðra mæðra til félagslegrar stöðu sinnar á árunum 1950–2000 er að finna í viðtalsgreinum þar sem fjallað var um kjör þeirra kvenna. Sjá: Kristín A. Árnadóttir, „Að brjóta niður veggi einangrunar“, *Vera* 5:1/1986, bls. 5–6. Sjá líka umfjöllun um

Fátæktarbaslið var megineinkenni reynslusagna viðmælenda minna sem fóru sem einstæðar mæður í ráðskonuvist. Einhleypu mæðurnar þurftu að leggja á sig mikla vinnu til að láta hlutina ganga upp, þær voru einhleypar útí vinnandi mæður í láglaunastörfum; eina fyrirvinna heimilisins á tímum fyrirvinnukerfisins, sem framan af gerði ekki ráð fyrir einstæðum mæðrum, hvað þá að þeirra laun þyrftu að nægja til að brauðfæða fjölskyldu. Margar einstæðu mæðrana þurftu að gegna meira en einu starfi í senn til að ná endum saman: „Maður varð að hafa sig alla við til að vinna fyrir einhverju. Þegar maður er ómenntaður þá eru launin lítil. Maður þurfti jafnvel að vinna aukavinnu líka, eins og ég gerði,“ sagði ein ráðskonan og bætti við: „Já, maður varð að hafa sig alla við.“<sup>40</sup> Flestar einstæðu mæðurnar sem ég ræddi við voru leigjendur áður en þær gerðust ráðskonur – og í húsaleigu fór stór hluti af lágum launum þeirra. Staða einstæðrar láglauna móður var því löngum bág í þéttbýlinu – svo vitnað sé í orð einnar fyrrum ráðskonunnar sem sagði gamansamlega að stundum hefði einstæð móðir verið kölluð; einstæð *mæða*.<sup>41</sup> Merkingarþrungið orðasamband það. Sú sama kona reifaði hvernig ráðskonustarfið leysti hana úr mæðunni að hluta:

**Svava Aradóttir:** Í raun og veru var maður svo mikill krakki... Þá var náttúrulega komið babb í bátinn; hvernig leysir maður þetta? Ég pældi mikið í því þennan vetur, hvernig verður þetta þegar þetta barn er komið? Svo kemur hann, þessi flottu drengur... Hann var náttúrulega á brjósti, það var ekki neinn matarkostnaður, en ég átti að fá [í ráðskonuvist-

---

ráðskonustarfið sem óásætтанlegt örþrífarað fyrir einstæðar mæður: Ragnheiður Möller, „Frásögn ungrar móður um barnsmeðlög og fleira“, *Melkorka*. 15:1/1959, bls. 82–83 og 86, hér bls. 83. Þar er komið inn á ráðskonustarfið sem úrræði fyrir einstæðar mæður. Sjá einnig: Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Huldúfeyjur*, bls. 144–148; Kristín Svava Tómasdóttir, „Einkajafnréttisbaráttan“, *Konur sem kjósa*, bls. 537–583, hér bls. 570; Inga Hulda Hákonardóttir, *Héltu að lífið væri svona? Viðtöl við verkakonur*, Reykjavík: Íðunn, 1981, bls. 28–29; Ragnheiður Kristjánsdóttir, „Vinna, læra, kaupa“, *Konur sem kjósa*, bls. 345–394, hér bls. 375–376 og 381–382. Sjá umfjöllun Laufeyjar Valdimarsdóttur um kjör einstæðra mæðra á fyrri hluta 20. aldar. Laufey Valdimarsdóttir, „Ein af mörgum: úr dagbók Mæðrastyrksnefndar“, *Úr blöðum Laufeyjar, Ólöf Nordal bjó til prentunar*, Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður kvenna, 1949, bls. 161–171; Björg C. Þorláksson. „Barnsmæður“, *Skírnir* 81/1907, bls. 172–179; „Húsnæði fyrir einstæðar mæður“, *Mæðrablaðið* 18. maí 1944, bls. 16–17. Sjá einnig: *KSS 12*. Mæðrastyrksnefnd. Einkaskjalasafn. Bréf Kvenréttindafélags Íslands til atvinnumálaráðherra 29. mars. 1935; *KSS 12*. Fundargerðabók Mæðrastyrksnefndar, 13. apríl 1928–31. mars. 1947; *Ehr* Nr. 455. Ekknašnjóður Reykjavíkur (1890–2007).

<sup>40</sup> Kolfína Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

<sup>41</sup> Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund.

inni] fæði og húsnæði og 3000 kr á mánuði. Þetta eru gömlu krónurnar. Er það mikið eða lítið? Það er auðvitað fánanlega lítið, gjörsamlega fánanlega lítið. En mér bara fannst það æðislegt, hvað átti ég að gera við peninga? Þarna fékk ég mat og húsnæði og var búin að koma mér upp heilmikið af fötum handa honum... Ég hló nú þegar þú spurðir mig hvort að það hefði verið einhver samningur, aldrei talað um neinn samning, það var aldrei neitt skriflegt.<sup>42</sup>

Munnleg saga reyndist nauðsynlegt tól við athugun á starfskjörum ráðskvenna, í ljósi mikils hörguls á opinberum gögnum um ráðningar- og launamál ráðskvenna. Viðtalsfrásagnir ráðskvenna vitna um dræm starfskjör þeirra; hér fór berskjölduð láglaunastétt kvenna. Ráðskonustarfi á sveitaheimilum fylgdu engin skýr launaleg réttindi og sú staðreynd er á sinn hátt ákveðið einkenni á þessari kvennastarfsstétt.<sup>43</sup> Aðilar sem vinna inni á einkaheimilum hafa löngum ekki notið sömu réttinda og aðrar stéttir, meðal annars viðtekinna skoðana um að einkaheimilið sé ekki eiginlegur starfsvettvangur og sömuleiðis skyldar langlífir hugmyndir um að heimilisstörf séu ekki vinna heldur eins konar náttúruleg meðgjöf kvenna.<sup>44</sup> Viðtölin leiddu marktækt í ljós að konurnar mundu ærið lítið um laun og starfstengd réttindi sín frá ráðskonuvistinni, sem voru nær alfarið grundvölluð á munnlegum samningum millum þeirra og vinnuveitenda þeirra. Engu að síður mundu konurnar ætíð að ráðskonukaupið var mjög lágt og vísuðu gjarnan til þess sem vasapenings – laun sem voru oftast greidd stopult undir borðið í reiðufé.<sup>45</sup> „Ég man ekki hvað ég var að fá í laun – þau voru ekki há en

<sup>42</sup> Svava Aradóttir (f. 1945), viðtal við höfund.

<sup>43</sup> Sjá Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Huldufreyjur*, bls. 157–167. Viðmið um laun og launakjör ráðskvenna voru gefin út af Stéttarsambandi bænda og Verkamannasambandi Íslands frá og með árinu 1986 fram til 1995. Þar er kveðið á um launaliðinn, þar með talið yfirvinnu og frádráttarbæra liði sem og starfstengd réttindi á borð við orlof og lífeyrissjóðsréttindi. Viðtölin sýndu þó að ráðskonurnar vissu langfæstar að slík viðmið hefðu verið tiltæk. Sjá Hákon Sigurgrímsson, „Réttindi og skyldur launþega og launagreiðenda í landbúnaði“, *Freyr*, 15. apríl 1991, bls. 350–351.

<sup>44</sup> Pierrette Hondagneu-Sotelo, *Doméstica. Immigrant Workers Cleaning and Caring in the Shadows of Affluence*, Oakland: University of California Press, 2001, bls. 9. Sjá einnig: Raffaella Sarti, „Who are servants?“ Defining domestic service in western Europe (16th–21st centuries)“, *Proceedings of the Servant Project 5*. bindi, ritstjórar S. Pasleau og I. Schopp, Liège, Éditions de l'Université de Liège, 2005 (2006), hér er vísað í 2. bindi, bls. 23–24.

<sup>45</sup> Sé gerður samanburður á störfum ráðskvenna á einkaheimilum og ráðskvenna sem störfuðu hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum kemur í ljós að ráðskonur sem störfuðu fyrir stofnanir og fyrirtæki fengu mun betra kaup. Hér er vitnað í viðtöl sem tekin voru



mér fannst þau vera mjög góður vasapeningur, því ekki þurfti ég að borga rafmagn og ekki þurfti ég að borga húsaleigu.<sup>46</sup> Ráðskonur á sveitaheimili fengu gjarnan í mánaðarlaun upphæðir á bilinu 10–25 þúsund, en þau laun voru oft í kringum helmingur þess sem heildarlaun þeirra námu, því af heildarlauninum var dreginn sá kostnaður sem metinn var vegna húsnæðis og fæðis sem þær nutu og börn þeirra ef þau voru til staðar. Forvitnilegt var að sjá hve oft konurnar töluðu um fæðið og húsnæðið sem þær fengu greitt sem launaígildi, sem fríðindi er fylgdu starfinu, en þær töluðu gjarnan um *frítt* fæði og *frítt* húsnæði í viðtölunum. Vegna þess hversu samningar ráðskvenna á einkaheimilum voru lausir í reipunum og ekkert stéttarfélag til staðar, urðu þær af ýmsum launatengdum réttindum á borð við launaviðmið er gilda um yfirvinnu, uppsagnarfrest, sjúkragæpinga, orlofsrétt og lífeyrissjóðsrétt. En um leið þarf að gæta að því að starfsafl í sveitum á þessum tíma naut almennt takmarkaðra réttinda, óháð kyni: „Starfsfólk í sveitum greiddi ekki í stéttarfélag, það var alveg sama hvort þú varst vinnumaður, fjósamaður eða hvað það var.“<sup>47</sup>

Áður en viðmælendur mínir gerðust ráðskonur í sveit höfðu þær stundað störf sem gáfu þeim mun hærri tekjur en ráðskonustarfið gerði, en launin ein og sér voru ekki nægileg til þess að framfleyta þeim og börnum þeirra við þær aðstæður sem ríktu í þéttbýli á tímum þar sem hið karllæga fyrirvinnukerfið réð lögum og lofum: „Þegar ég var í ráðskonustarfi þá var ég nokkurn veginn sjálfstæð – það var ekki meira en svo; en mér fannst fínt að fá þennan pening af því að ég hafði búið við svo mikla fátækt áður en ég fór sem ráðskona.“<sup>48</sup> Á kvennaáratugi Sameinuðu þjóðanna (1975–1985) börðust konur á alþjóðavísu fyrir bættum kjörum kvenna. Ein birtingarmynd þeirrar víðfeðmu kvennabaráttu var kjarabarátta íslenskra kvenna sem háðu stríð gegn hinu karllæga fyrirvinnukerfi, sem grundvallaðist á kynbundinni verkaskiptingu á heimilum og vinnumarkaðinum. Téð hugmyndafræði varðaði kynbundin réttindi karla til hærri launatekna umfram konur fyrir störf sín, með það fyrir sjónum að konur væru ekki framfærndur heimilanna – svo ég vísi í viðtal mitt við Sigríði Th. Erlendsdóttur

---

við ráðskonur sem störfuðu sem ráðskonur á opinberum vettvangi fyrir rannsóknina svo sem við vegavinnu og virkjanaframkvæmdir. Sjá Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Huldufreyjur*, bls. 159; Dalrún Kaldakvísl, „Ráðskonur sem störfuðu utan heimila“, *RÚV*. 2. mars 2022, sótt 15. mars 2024 af <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2022-04-29-radskonur-sem-storfuðu-utan-heimila>

<sup>46</sup> Sigríður Hallgrímsdóttir (f. 1959), símaviðtal við höfund.

<sup>47</sup> N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. Nafnleynd. Sjá um stöðu kvenna í bændastétt: Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvinnakraftur“, bls. 507 og 509.

<sup>48</sup> Svanhildur Anna Sveinsdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

kvennasögufræðing: „en auðvitað voru konur á þessu tímabili líka fyrirvinnur – gleymdu því ekki. Það var svo mikil verkaskipting á vinnumarkaðinum sem var ekki til þess að ýta undir sjálfstraustið hjá konunum – en einhvern veginn náðu þær að lyfta sér upp, svo úr varð bylting árið 1975; kvennafrídagurinn.“<sup>49</sup>

Fræðimenn hafa bent á að stétt kvenna getur haft meiri áhrif á minni, afstöðu og sjálfsmynd kvenna heldur en kyn þeirra.<sup>50</sup> Viðmælendur mínir, sem langflestar voru komnar af verkamönnum, bjuggu yfir mikilli stéttarvitund. Viðtölin sýndu að sveitin var rómantískur vinnuvettvangur í augum kvennanna, sem þeim var í blóð borið að væri undirstaða íslensks samfélags. Frá sjónarhóli kvennanna var framleiðslueiningin sveitabærinn af líkum toga og verksmiðjurnar og vinnslustöðvarnar þar sem svo margar þeirra höfðu starfað – þar sem þær þurftu að afla sér virðingar með vinnuframtaki sínu. Það sem lýsir hvað best vinnutengdri sjálfsmynd kvennanna kristallast í orðunum; *ef þú stóðst þig í vinnu þá hlaust þú virðingu*. Sú vinnutengda sjálfsmynd kvennanna undirbyggði ósérhlífni þeirra í ráðskonustarfinu. En þarft er að hafa í huga að þessi vinnutengda sjálfmynd ráðskvenna grundvallaðist einnig á rötgrónum og inngreiptum hugmyndum um sjálfsgæða fórnfýsi kvenna, í vinnu sem öðru.<sup>51</sup>

Ein af stöðluðu spurningunum sem ég varpaði fram í viðtölunum var: „Tókstu einhvern þátt í baráttu kvenna fyrir réttindum sínum – formlega eða óformlega?“ Í kjölfar spurningarinnar urðu flestar konunar órólegar, og sumar hverjar kváðust ekki vera neinir femínistar. Viðbrögð kvennanna bentu til þess að þær væru ekki með öllu hlynntar þróun femínismans síðustu áratugi – en undantekningarlaust var sterkur samhljómur meðal kvennanna um mikilvægi launa-

<sup>49</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, viðtal við höfund, Reykjavík. Sjá um fyrirvinnukerfið: Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?“, bls. 198–199; Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennakraftur“, bls. 448–449; Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „Þær þorðu, vildu og gátu“, *Konur sem kjósa*, bls. 399–464, hér bls. 400 og 447; Diane Sainsbury, *Gender and equality and welfare states*, Cambridge: Cambridge University Press, 2009, bls. 41–43; Inga Huld Hákonardóttir, *Héltu að lífið væri svona?*, bls. 126–127.

<sup>50</sup> Joan Sangster, „Telling our Stories“, bls. 7. Í þessu sambengi má nefna frumkvöðlaramsókn sagnfræðingsins Elizabeth Roberts á sviði munnlegrar sögu. Roberts tók lífsferilsviðtöl við meira en 160 einstaklinga í þeim tilgangi að miðla sýn verkakvenna á samfélagslega stöðu þeirra. Sú rannsókn varpaði mikilvægu ljósi á stéttarvitund verkakvenna á því tímabili. Sjálfsmynd viðmælenda hennar mörkuðust fremur af stéttarstöðu þeirra en kynferði. Viðmælendur hennar fundu fremur fyrir stéttarkúgun en kynbundinni kúgun. Elizabeth Roberts, *Woman's Place. An Oral History of Working-Class Women, 1890–1940*, Oxford: Basil Blackwell, 1984.

<sup>51</sup> Sjá: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, „Hver stendur vörð um aðbúnað kvenna á vinnustöðum?“, *Vera* 15/1996, bls. 38–39.

jöfnuðar kynjanna.<sup>52</sup> Þannig vildi það oft gerast að konurnar nefndu kvennafrídaginn árið 1975 þegar þær reifuðu aðkomu sína að kvenréttindamálum.

**Höfundur:** Tókstu einhvern þátt í baráttu kvenna fyrir réttindum sínum – formlega eða óformlega?

**Svanhildur Sif:** Í ráðskonuvistinni?

**Höfundur:** Bara yfir höfuð?

**Svanhildur Sif:** Ég man rosa vel eftir deginum mikla, hvað ætli ég hafi verið gömul, 16 ára; kvennafrídeginum. Við vorum þrjár systur og einn bróðir, hann var yngstur. Við spáðum mikið í því að bróðir okkar þyrfti líka að taka þátt í húsverkunum eins og við – þú veist: Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður! Við vorum þannig þenkjandi. En samt sá ég það ekki í samhengi við það að gerast ráðskona – ég þyrfti á starfinu að halda.<sup>53</sup>



Svanhildur Anna Sveinsdóttir

<sup>52</sup> Þessi viðhorf ráðskvonnanna ríma við niðurstöður rannsóknar sagnfræðingsins Lynn Abrams á sjálfsmyndum breskra kvenna sem fæddar voru á 5. áratugnum og upplifðu mikla breytingartíma í pólitískum og félagslegum málum kvenna. Sjá: Lynn Abrams, „Liberating the female self. Ephanies, conflict and coherence in the life stories of post-war British women“, *Social History* 39/2017, bls. 14–35, hér bls. 14–35.

<sup>53</sup> Svanhildur Sif Haraldsdóttir (f. 1959), viðtal við höfund.

Þrátt fyrir rýr laun og launaréttindi ráðskvenna voru flestar einstæðu mæðurnar sáttar við ráðskonustarfið vegna þeirra hlunninda sem starfinu fylgdu: „Ég man mér fannst það æði – maður var ekki svangur, nóg af mat.“<sup>54</sup> Hluti kvennanna var engu að síður ósáttur með dræm starfskjör sín í ráðskonuvistinni, til að mynda ef vinnuveitendur þeirra stóðu ekki við gerða munnlega samninga. Óánægja ráðskvennanna gagnvart starfskjörum sínum kom yfirleitt ekki fram fyrr en eftir vistina, oftast en ekki fyrst í viðtölunum þegar ég spurði þær út í þau mál: „Maður horfir til baka og maður hugsar vááá, manni var selt herbergi dýrum dómum, sem var dregið af þessu litla kaupi; leiga fyrir eitthvað helvítis herbergi.“<sup>55</sup> Í viðtölunum kom fram að það hvarflaði ekki að konunum að leita réttar síns þó brotið væri á þeim launalega. Í þeirra augum var sveitaheimilið fyrir utan hinn almenna vinnumarkað sem laut reglum og töxtum verkalýðsfélaga; sveitaheimilið var vinnuvettvangur sem var háður ákvörðunarvaldi og fjárhag ábúenda.

Meginforsendan fyrir því að einstæðar mæður kröfðust ekki umbóta í launamálum sínum í ráðskonustarfinu var almenn bág félagsleg staða þeirra kvenna. Einstæðu mæðurnar þurftu nauðsynlega á starfinu (húsnæðinu/fæðinu) að halda fyrir sig og börn sín, sú forsenda gekk frammar öllum öðrum. Félagssleg staða einstæðra mæðra hefti þær þannig í að leita réttar síns í tengslum við launamál sín í ráðskonuvistinni – og reyndar einnig í öðrum störfum þeirra þar sem þær þurftu að miðla málum með hag barna sinna að leiðarljósi. Frásagnir kvennanna sýndu skýrt og skorinort að verkakonur, ekki síst einstæðar mæður í verkalýðsstéttinni, voru ekki alltaf í aðstöðu til þess að krefjast umbóta í launamálum sínum á hinum opinbera vettvangi þó fagnar vildu. Ein greinileg birtingarmynd þess voru takmarkaðir möguleikar fátækra einstæðra mæðra til þátttöku í launabaráttu kvenna, til að mynda í verkföllum og á kvennafrídögum: „Ég var að vinna daginn sem konurnar fengu frí. Af því að ég var einstæð móðir, þá notaði ég tækifærið – fékk næturvinnu, plús dagvinnu.“<sup>56</sup>

**Anon:** Í upphafi verkalýðsbaráttu kvenna, þegar þær voru að byrja að fara í verkföll og þess háttar – þá voru það oft einstæðar mæður, sem voru hálfdrættingar í launamálum; konur sem fengu sömu laun og 16 ára strákar, konur sem

<sup>54</sup> Kristín Chadwick (f. 1943), viðtal við höfund.

<sup>55</sup> Svava Theodórsdóttir (f. 1960), símaviðtal við höfund.

<sup>56</sup> Kristín R. Magnúsdóttir (f. 1944), viðtal við höfund.

höfðu kannski unnið í 30 ár og héldu fyrirtækjunum gangandi. Þessu vildu þær breyta. Þær sem stóðu fyrir byltingunni, þessari fyrstu byltingu verkakvenna. En um leið voru þetta konur sem máttu ekki við því að missa launin sín því það voru engin félög sem þær gátu leitað til eftir mat onú börnin sín. Þær voru að skríða inn um glugga í fyrirtækjunum sem þær unnu hjá, til þess að þær gætu unnið í laumi í verkföllunum.<sup>57</sup>

### *Má hafa með sér barn*

**Anon:** Það var ekkert grín að flytja til Reykjavíkur og vera einstæð móðir með tvö lítil börn. Það er bara árið á milli þeirra, þær voru þriggja og fjögurra ára, og þetta er árið 1975. Þá var ekki mikið aðgengi að leikskólum, þannig ég sá að ráðskonustarfið var eitthvað sem myndi passa mér.<sup>58</sup>

**Höfundur:** Var erfitt á þeim tíma að fá leikskólapláss fyrir litlu?

**María Björg:** Jáááá það var alveg ómögulegt. Ég fékk fyrir hana einhvern smá part af degi í því sem kallaðist Steinahlíð, það var mjög gott. Þá var ég að vinna í fiski niður í Súðavogi, þannig að þetta var í leiðinni.<sup>59</sup>

**Anon:** Ég skildi, það var ljótur skilnaður. Maðurinn minn fór að vera með annarri konu. Ég var með pínulítið barn og var ekki út á vinnumarkaðnum – átti ekki einu sinni fyrir mat. Á þessum tíma var hægt að bjarga sér með því að fara að vinna sem ráðskona og hafa börnin hjá sér, án þess að þurfa að vinna myrkranna á milli og láta aðra hugsa um börnin. Ég hafði þurft þess með eldri stelpuna mína. Á þeim tíma voru bara þrír mánuðir í fæðingarorlofi og ég missti alveg af henni fyrsta árið. Ég vildi það ekki með seinna barnið.<sup>60</sup>

<sup>57</sup> N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. Nafnleynd.

<sup>58</sup> N.N. (fædd á 6. áratugnum), viðtal við höfund. Nafnleynd.

<sup>59</sup> María Björg Gunnarsdóttir (f. 1949), símaviðtal við höfund.

<sup>60</sup> N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. Nafnleynd.

Viðtölin varpa ljósi á þörf og vilja einstæðu mæðranna til að vinna fyrir sér og börnum sínum, en samfélagslegar tálmanir gerðu það að verkum að það var jafnvel lífsins ómögulegt í þéttbýlinu: „Þú er alltaf ein. Þú veist ekki hvernig það er fyrir en þú hefur prófað það; þú ert alltaf á vaktinni, þetta er sólarhringsvakt – alltaf – og það tekur enginn við af þér.“<sup>61</sup> Örðugleikar er tengdust umönnun barna útivinnandi einstæðra mæðra voru þrástef í frásögnum þeirra kvenna. Á kvennaárinu 1975 var fest í lög að konur fengu þriggja mánaða fæðingarorlofs-greiðslur, en það var ekki fyrir en á 9. áratugnum sem að orlofið var lengt úr þremur mánuðum í sex mánuði.<sup>62</sup> Í viðtölunum ræddu konurnar ávinninginn af fæðingarorlofinu fyrir einstæðar mæður eftir að það kom til, sem og erfiðleikana sem þær mæður þurftu að kljást við að orlofinu loknu þegar þær þurftu að fara aftur á vinnumarkaðinn. Upp úr miðri 20. öld voru barnaheimili, leikskólar og frístundaheimili fyrir skólabörn lengi vel sjaldséð og þau úrræði kostnaðarsöm ef þau voru í boði á annað borð.<sup>63</sup> Skortur á dagvistunar- og leikskólaþjónustu skapaði eðli málsins samkvæmt mikil vandkvæði fyrir útivinnandi einstæðar mæður, sem þurftu almennt að vinna daginn út og inn til að ná endum saman.<sup>64</sup>



Guðrún Matthíasdóttir

<sup>61</sup> Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.

<sup>62</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 269.

<sup>63</sup> Valborg Bentsdóttir, „Börnin, sem fæðast til fátækra kjara, eru erfingjar bæjarins eins og hin“, *Tíminn*, 23. janúar 1958, bls. 5; Stefán Sæmundsson, „Einstæðar mæður senda börn sín í sveit“, *Tímarit Máls og menningar* 47:3/1986, bls. 291–298, hér bls. 291; Bryndís Kristjánsdóttir, „Hvar eiga börnin að vera“, *19. júní* 38/1988, bls. 17–21, hér bls. 18.

<sup>64</sup> Dalrún Kaldavísl Eygerðardóttir, *Huldufreyjur*, bls. 149–151.

Vert er að ítreka að margar kvennanna sem fóru sem einstæðar mæður í ráðskonuvist, voru einkar ungar að aldri: „Ég var náttúrulega bara unglingur... svo varð ég ólétt, og mamma sagði við mig að börn gætu ekki alið upp börn nema þau væru upp á foreldra sína komnir, ég ætlaði nú að sýna henni það að það væri bara bull,“ sagði einn viðmælandinn og glotti, og sagði svo um vistina: „Mér leið oft illa en það kom ekki sveitinni við, hún var bjargvættur – ég var bara unglingur að reyna að koma mér úr erfiðri andlegri stöðu, án þess að hafa til þess nokkur meðul eða hjálp – merkilegt að þeir [bændurnir] skyldu yfir höfuð líða mig – ég gerði ekki mikið af því að brosa.“<sup>65</sup> Stuðningsnet einstæðu mæðranna var gjarnan vanburða, þær fengu jafnan lítinn sem engan stuðning frá barnsfeðrum sínum. Viðtölin sýndu að konurnar álitu afskiptaleysi barnsfeðra af uppeldis- og framfærslumálum barna sinna vera eðlilegt fyrirkomulag: „Ég hef alltaf verið upp á mig sjálfa komin – þessir karlræflar skiptu sér ekkert af krökkunum – það þótti bara eðlilegt á þeim tíma, sjáðu til.“<sup>66</sup> Þannig kom afskiptaleysi feðra gagnvart börnum sínum fyrir sjónir í viðtölunum sem nokkurs konar náttúrulögmál feðraveldisins. Fjölskyldur sumra kvennanna aðstoðuðu þær upp að einhverju marki, en sá stuðningur var takmörkum háður og réðst ekki síst af fjárhag vandamanna þeirra. Frásagnir kvennanna miðluðu rötgrónu samfélagslegu viðhorfi til einstæðra mæðra sem byggði á hugsuninni; *þú bjóst það til, þú berð ábyrgð á því* – ábyrgð sem konunum fannst sjálfsagt að þær stæðu undir sem mæður. Konurnar sem voru með börn á sínu framfæri, tóku margoft fram í viðtölunum að þær hefðu ákveðið að gerast ráðskonur í sveit svo þær væru ekki byrði á fjölskyldum sínum. Sú afstaða einkenndi öðru fremur þær konur sem bjuggu í foreldrahúsum með börn sín eða voru nýkomnar úr sambandi, er þær ákváðu að gerast ráðskonur: „Ég fór sem ráðskona til þess að létta á heimilinu; ég vildi ekki vera byrði á pabba og mömmu, það var aðallega að þau þyrftu ekki að sitja uppi með mig og þrjú börn mín. Ég vildi vinna fyrir mér og ekki þurfa að biðja neinn um neitt. Svona var þetta nú.“<sup>67</sup>

**Sigríður Jónsdóttir:** Ég kem þarna með krakkann um kvöld. Hrúga draslinu mínu í ráðskonuherbergið og læt renna í bað og baða barnið. Seinna var mér sagt að það hefði þótt svo merkilegt hvað ég var heimilisleg, kem þarna eins og ég eigi heima þarna og geri það sem maður gerir á kvöldin: Maður býr um rúmið sitt, baðar barnið sitt, hefur til

<sup>65</sup> Guðrún Matthíasdóttir (f. 1960), viðtal við höfund.

<sup>66</sup> Ólafía Kristín Sigurðardóttir (f. 1935), viðtal við höfund.

<sup>67</sup> Kolfinna Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.





Sigríður Jónsdóttir

kvöldmat. Ég gerði þetta. Ég var löngu byrjuð að gera þetta áður, eins og á bænum þar sem ég var á undan, þegar ég kom þangað þá kom ég líka um kvöld. Þá byrjaði ég bara á því að kíkja inn í alla skápa inn í eldhúsinu til að sjá hvar hlutirnir voru geymdir og elda kvöldmatinn. Þetta er bara það sem maður gerir, maður skannar eldhúsið og byrjar að vinna [undir frásögninni hljómar prjónaglamur].<sup>68</sup>

Fríðindi ráðskonustarfsins fyrir einstæðar mæður fólust ekki síst í því að ráðskonur voru í senn útivinnandi og heimavinnandi. Starfsvettvangur ráðskvenna, sveitaheimilið, var í senn samastaður og vinnustaður ráðskvenna og barna þeirra – fyrirkomulag sem gaf mæðrum ráðrúm til að annast börn sín í vinnunni. Ráðskona á sveitaheimili var heimilishjú sem sinnti fyrst og fremst grundvallarstörfum innanhúss. Ráðskonustarfið hafði vissa sérstöðu innan hjúastéttarinnar því ráðskona hafði tvöföldu hlutverki að gegna; ráðskona var líkt og húsmóðir, í senn stjórnandi og vinnukraftur.<sup>69</sup> Vinnudagur ráðskvennanna miðaðist við að stýra heimilishaldinu, sem um leið hentaði þörfum barna þeirra vel. Heimilishald ráðskvenna snerist fyrst og fremst um að þjónusta heimilisfólk, þar með talin eigin börn ef þau voru

<sup>68</sup> Sigríður Jónsdóttir (f. 1964), viðtal við höfund.

<sup>69</sup> Bridget Anderson, *Doing the Dirty Work?*, bls. 12; Una A. Robertson, *The History of the Housewife 1650–1950*, Stroud: Sutton, 1999, bls 1–2, 9 og 179. Ráðskonustarfið er hliðstætt ráðsmannsstarfinu sem er skylt starfi bóndans, það er ráðsmaðurinn hafði umsjón með bústofninum og tengdum útverkum á meðan ráðskonan sá um innanbæjarstjórn. Ráðsmannsstarfið var að mestu horfið af sjónarsviðinu á síðari hluta 20. aldar.

með í vistinni. Aðalstörf ráðskvemma voru hússtjórn, eldamennska; þrif/þvottur og önnur almenn heimilisstörf; umönnunarstörf; og félagsleg þjónusta sem þær veittu á heimilunum, til að mynda að halda bændum selskap. Auk þess sinni ríflega helmingur viðmælendanna útistörfum samhliða heimilisstörfunum. Gjarnt var að einstæðu mæðurnar ræddu samþættingu ráðskonustarfsins og umönnun barna sinna í viðtölunum. Til að mynda var algengt að ráðskonur með börn óskuðu eftir því að vinna alfarið innanstokks, svo þær hefðu tök á því að gæta barna sinna samhliða: „Það helgaðist af því að ég var með lítið barn; ef ég hefði verið frjál Sari þá hefði ég líklegast farið í heyskap og svoleiðis, það lá bara í hlutarins eðli. Ég var bara að sinna mínu barni og hússtörfum.“<sup>70</sup>



Kristjana Rósa Birgisdóttir

<sup>70</sup> Kristjana Rósa Birgisdóttir (f. 1958), viðtal við höfund.

**Anon:** Fyrir hádegi var ég búin að þrifa húsið, setja í þvottavél, ganga frá þvottinum frá deginum áður og jafnvel baka, undirbúa hádegismatinn og fara í fjárhúsið. Ég kannski sagði þetta svolítið hratt: Ég fór á fætur klukkan átta. Þetta var alltaf sama rútinan. Ég bara fór á fætur. Kom börnunum mínum á fætur. Eldri stelpunni í skólann. Gaf henni að borða og kom henni í skólabílinn. En áður var ég búin að setja í þvottavélina, þannig að þegar að hún fór í skólann, þá er vélin kannski langt komin. Þá hrærði ég í köku eða deig eða hvað það var sem ég ætlaði að baka þann daginn, hengdi upp úr þvottavélinni, skúraði gólf, strauk yfir ef þurfti. Daginn áður var ég búin að ákveða hvað ég ætlaði að hafa í matinn, þannig að þann daginn ákvað ég hvað ég ætlaði að hafa daginn eftir, það var bara tilbúið alltaf frá degi til dags, ég gerði enga vikulista, þetta bara gerðist... Ég fór aldrei í morgunmjaltir. Þegar bóndinn kom inn frá því að mjólka um tíu – ég veit ekki nákvæmlega hvenær hann fór út, hann var alltaf farinn út áður en ég vaknaði, þá var ég tilbúin með morgunmat, það var hafragrautur og slátur sem ég kannski sauð einu sinni í viku í stórum potti. Þannig að það var alltaf hafragrautur og slátur í morgunmat.<sup>71</sup>

**Ásta Salbjörg:** Það var rosalega mannmargt þarna. Þetta var svona stórt [heimili] sem ég fer inn í þarna. Það var morgunmat svo morgunkaffi, hádegismatur, kaffi og kvöldkaffi. Þetta þurfti ég að sjá um stelputrippið – og rúllaði þessu bara upp. Og svo var rosaegur gestagangur þarna. Þannig að um helgar var rosalega mikið af fólki þarna. Ég man það voru svona tvö til þrjú læri sem maður var að elda. Með fulla frystikistu af mat og bakkelsi. Af því ég er búin að vera að hugsa um þetta síðan ég hafði samband við þig; rosalega hef ég verið ógeðslega dugleg. Ég sé það bara. Með krakkann þarna, sem betur fer frekar rólegur og finn. Einstæð og ekkert í sambandi við pabbann eða neitt. Svoleiðis var þetta bara.<sup>72</sup>

<sup>71</sup> N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. Nafnleynd.

<sup>72</sup> Ásta Salbjörg Alfreðsdóttir (f. 1956), viðtal við höfund.



Ásta Salbjörg Alfreðsdóttir

Það að geta haft börn sín hjá sér í vinnunni, voru einkar mikilvæg fríðindi ráðskonustarfsins fyrir einstæðar mæður. Þau fríðindi starfsins fólu í sér að einstæðu mæðurnar þurftu ekki að útvega og greiða fyrir dagvistun barna sinna á meðan ráðskonuvistinni stóð. Ráðskonustarfið gaf einstæðum mæðrum einnig færi á að verja meiri tíma með börnum sínum en þær gátu gert í þéttbýlinu – fríðindi sem konurnar nefndu ítrekað í viðtölunum: „Þau leyfðu mér að hugsa um drenginn þess á milli sem ég sá um heimilið. Það var óskaplega gott að vera þarna.“<sup>73</sup> Ráðskonustarfið gaf fátækum einstæðum mæðrum ekki aðeins færi á að annast

<sup>73</sup> Þorbjörg S. Þórarinsdóttir (f. 1942), viðtal við höfund.

börn sín og verja meiri tíma með þeim, heldur gat það hreinlega ráðið því hvort einstæðar mæður sem áttu erfitt uppdráttar héldu börnum sínum á tímum þegar alþekkt var að börn voru send í fóstur: „Þegar ég heimsótti son minn til tíma-bundinna fósturfóreltra hans þá fannst mér ég alltaf vera að koma sem gestur, ekki þú veist; að koma og finna barnið mitt,“<sup>74</sup> sagði einn viðmælandi minn sem eignaðist son 16 ára gömul og gerðist ráðskona svo hún gæti haft hann hjá sér. Í þessu sambandi er vert að nefna að konunum fannst almennt viðteknara úrræði að senda barn í fóstur heldur en að fara í fóstureyðingu, sem voru gerðar leyfi- legar af félagslegum og læknisfræðilegum ástæðum árið 1975.<sup>75</sup>



Elin Íris Fanndal Jónasdóttir

**Elin Íris Fanndal:** Ég var ómenntuð, tekjurnar risu aldrei undir því að leigja ein með barn... Þetta var valkostur sem ég stóð frammi fyrir sjálf, þess vegna fer ég sem ráðskona. Það var ekki pláss fyrir mig hjá pabba. Hann benti mér á þennan möguleika, að fara sem ráðskona. Þetta var eina í

<sup>74</sup> Soffía H. Sigurgeirsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

<sup>75</sup> Sjá Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „Þær þorðu, vildu og gátu“, bls. 444–447. Fóstureyðingar hér á landi voru fyrst lögleiddar árið 1935 með því skilyrði að eyðing fósturs væri leyfileg ef lækni-fræðilegar ástæður lægju að baki.

stöðunni fyrir mig, því annars hefði ég ekki getað haft son minn hjá mér.

**Höfundur:** Vissir þú af þeim valkosti að þú gætir gefið hann?

**Elín Íris Fanndal:** Jájá. Ég vissi að bróðir minn var gefinn, það gekk bara mjög fljótt og vel fyrir sig það dæmi. Í mínum huga var það annað hvort að gera það eða að fara sem ráðskona – það var ekkert annað í stöðunni.<sup>76</sup>

### *Brigðult athvarf*

**Blanca A.:** Ég fékk bara sjokk. Lögreglan náði í hann. Hann var búinn að loka sig inni með mig og krakkana, og hann var með hníf [lækkar röddina]. Pabbi var hinum megin við dyrnar að róa hann niður [hlær]. Hann klikkaðist, af því að ég vildi skilja við hann. Hann klikkaðist [hvíslar].<sup>77</sup>

Viðtölin leiddu í ljós hvernig ráðskonustarfið gat þjónað sem athvarf fyrir einstæðar mæður í þeim tilfellum þegar þær voru á flótta undan osbeldi. Hér er í aðra röndina verið að vísa til einstæðra mæðra sem voru hreinlega að flýja úr erfiðum og jafnvel hættulegum aðstæðum sem barnsfeður þeirra sköpuðu þeim og börnum þeirra: „Ég var þetta ung kona og það var ég ein sem stóð í þessu. Það var enginn sem studdi mig. Ég átti fullt af ættingjum en einhvern veginn vildu þau ekki koma nálægt þessu, fólkið mitt... Maður varð að bjarga sér; maður var náttúrulega með þrjú lítil börn.“<sup>78</sup>

**Jenný Sólborg:** Maður hefur ekki bara verið ráðskona í sveit, maður hefur gert ýmislegt annað [skellihlær] – það er málið. Ég fór í stríð við barnaverndarnefnd og gerði það með heiðri og sóma. Ég gleymi því aldrei, hann hjá barnaverndarnefnd var alltaf að tala um barnið sitt: „Ég hlýt að hafa verið mikið drukkin,“ sagði ég við hann, „ég man ekkert eftir því þegar þú bjóst hann til.“<sup>79</sup>

<sup>76</sup> Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund.

<sup>77</sup> Blanca A. Ingimundardóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

<sup>78</sup> Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.

<sup>79</sup> Jenný Sólborg Franklinsdóttir (f. 1938), viðtal við höfund. Sjá einnig blaðagreinar um baráttu Jennýjar Sólborgar við barnaverndarnefnd: „Kona rændi syni sínum – gafst upp





Jenný Sólborg Franklinsdóttir

Viðtölin vörpuðu aukinheldur ljósi á það hvernig félagslega kerfið sótti að sumum fátækum einstæðum mæðrum í því skyni að taka af þeim börnin með vísun í aðstæður þeirra. Einstæðar mæður sem voru félagslega/fjárhagslega illa staddar á þessu tímabili áttu á hættu að börn þeirra væru tekin af þeim, svo vitnað sé í viðtal mitt við konu sem rifjaði upp atvik þegar illa stödd einstæð móðir flutti í heimasveit hennar: „Hún var reglusöm, einstæð móðir sem gat ekki séð fyrir þremur börnum sínum. Hún fór sem ráðskona á gott sveitaheimili en barnaverndarnefndin í þorpinu var ennþá á bakinu á henni; það átti að taka börnin af henni og koma þeim í föstur. Bóndinn ákveður þá að giftast henni.“<sup>80</sup> Í tilfellum einstæðra mæðra sem þurftu að þola ofbeldi gat ráðskonustarfið reynst hið mesta lán – en þar leyndust líka hættur.

---

á að eiga við Barnaverndarnefnd“, *Vísir*, 21. febrúar 1972, bls. 1; „Baráttu við barnaverndarnefnd lauk á dramatískan hátt fyrir 20 árum. Rændi syni sínum“, *DV - Helgarblað*, 14. mars 1992, bls. 25. Á sama ári og Jenný nam son sinn á brott var frétt um aðra móður sem gerði slíkt hið sama: „Móðir „rændi syni sínum“ af vöggustofu – Lögregluvörður um hús konunnar í alla nótt“, *Vísir*, 25. september 1972, bls. 1.

<sup>80</sup> N.N. (fædd á 5. áratugnum), viðtal við höfund. Nafnleynd.





Kolfinna Haraldsdóttir

**Kolfinna Haraldsdóttir:** Ég var vel sett hjá þessum feðgum. Ég er ekki viss um að allar hafi verið svo heppnar, ekki allar ráðskonur. Þær segja misjafnar sögur. Maður heyrði það að það væri leitað á þær og annað, kynferðislega. Þú þurftir ekki nema að koma heim við borðið hjá pabba og mömmu og það var verið að tala um eitthvað, þá heyrði maður þetta; – þessi hafði nú lent í því – hún hefði verið ráðskona barna – það var farið illa með hana. Maður heyrði svona sögur. En ég var virkilega heppin, eins og ég segi, ég var á grænu ljósi í lífinu.<sup>81</sup>

Vinnuveitendur ráðskvonna voru hluti af vinnu- og hversdagslífi þeirra og barna þeirra. Frásagnir kvennanna sýndu hvað það skipti miklu máli fyrir þær að lenda á bæ þar sem bjó gott og velviljað fólk. Ljóst var að innræti vinnuveitenda ráðskvonna hafði meira vægi en launin og gæði húsnæðisins í augum kvennanna. Fyrrum ráðskonurnar töluðu gjarnan um hvort þær hefðu lent á góðum eða slæmum bæ – þá áttu þær við meðferðina sem þær fengu frá hendi ábúenda.

Vinnusaga kvenna býr að skuggahlið, sem er kynbundið ofbeldi gegn konum á vinnustað – ofbeldi sem finnst víða í sögu heimilishjúa þvert á aldir og landamæri. Verulegur fjöldi viðmælenda minna varð fyrir ofbeldi, ekki síst kynferðisofbeldi sem þær máttu þola í skjóli þess að ekkert efurlit var með störfum

<sup>81</sup> Kolfinna Haraldsdóttir (f. 1941), viðtal við höfund.

launaðra starfskrafta sem sinntu heimilisstörfum á einkaheimilum.<sup>82</sup> Rannsóknir sýna að á alþjóðavísu er mun oftar brotið á konum sem vinna launaða vinnu í heimahúsum en þeim konum sem vinna utan veggja heimilanna – og íslenskar ráðskonur eru dæmi um það.<sup>83</sup> „Ég hef aldrei talað við neinn, því að það var ekki gert í þá daga.“<sup>84</sup>

Í bókinni *Doing the Dirty Work?* fjallar Bridget Anderson um samfélagsleg viðhorf til launaðra heimilisstarfa. Þar segir að heimilisþjónusta, líkt og vændissala, tilheyrir ímynduðu sviði millum einka- og almennasviðs sem markist af gífurlegu valdamisræmi.<sup>85</sup> „Ég man eftir því að að ég var andvaka alla síðustu nóttina – og alltaf í biðstöðu.“<sup>86</sup> Það voru mörg dæmi um að bændur eða aðrir karlkyns ábúendur gerðu kröfu um kynlífsþjónustu af hálfu ráðskvenna, líkt og það væri eðlilegur hluti af starfi þeirra. Þær kröfur karlanna endurspeglar orðræður um konur í þjónustustörfum víða um heim. Meirihluti kvennanna sem ég ræddi við voru meðvitaðar um að þær gætu lent í vist hjá bónda sem myndi gera kröfu til þeirra um kynlífsþjónustu: „Ég vissi að ég var að fara þangað til að vinna. Ég fór þarna til að vera þar sem ráðskona ekki sem hjákona, ég tók það fram.“<sup>87</sup> Sú staðreynd að sumir bændur óskuðu eða neyddu ráðskonur sem störfuðu hjá þeim til samræðis, var almennt á vitorði manna á þessum tíma, um það vitna ekki aðeins viðtöl mín við fyrrum ráðskonur heldur einnig ótal samtöl mín við fólk á förnum vegi þar sem ráðskonur komu til tals: „Vinkona mín treysti sér ekki til þess að gerast ráðskona því hún hélt hún þyrfti að sofa hjá bóndanum.“<sup>88</sup>

<sup>82</sup> Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „#MeToo mælt af munnni fram. Kynbundið ofbeldi gegn ráðskonum í sveit á síðari hluta 20. aldar“, *Fléttur* 5, ritstjórar Elín Björk Jóhannsdóttir o.fl., Reykjavík: Háskólaútgáfan; Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands, 2020, bls. 85–101; sami, *Huldufreyjur*, bls. 202–219.

<sup>83</sup> Judith Rollins, *Between women. Domestic and Their Employers (Labor and Social Change)*, Philadelphia: Temple University Press, 1987, bls. 24 og 150.

<sup>84</sup> N.N. Viðtal við höfund. Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu. Sökum þess að margir viðmælandanna störfuðu á fleiri en einum bæ sem ráðskonur, eru lýsingar á ofbeldi sem konurnar urðu fyrir í ráðskonuvistinni hér birtar undir nafnleynd.

<sup>85</sup> Bridget Anderson, *Doing the Dirty Work?*, bls. 4. Sjá einnig: Theresa M. McBride, *The Domestic Revolution. The Modernisation of Household Service in England and France, 1820–1920*, New York: Holmes and Meier, 1976, bls. 99–110. Leonore Davidoff, *World's Between. Historical Perspectives on Gender & Class*, Cambridge: Polity Press, 2007 [1995], bls. 160.

<sup>86</sup> N.N. Viðtal við höfund. Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

<sup>87</sup> N.N. Viðtal við höfund. Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

<sup>88</sup> Samtal mitt við konu á fimmtugsaldri árið 2020. Væntingar/kröfur bænda um kynlíf frá ráðskonum endurspeglast líka í kynferðislegum órum karla og birtingarmyndum

Ofbeldi sem ráðskonur urðu fyrir í störfum sínum átti sér nær undantekningalaust stað innan veggja sveitaheimilanna; vinnustaðar kvennanna og dvalarstaðar þeirra og barna þeirra. Innanstokksöfbeldi bænda/ábúenda gegn ráðskonum átti sér jafnan stað í einkavistarverum kvennanna á bæjunum, iðulegast á kvöldin, næturnar eða snemma á morgnana þegar konurnar lágu í rúmum sínum. Hér um ræðir lýsingar af því þegar menn tóku í húninn hjá konunum; bönkuðu á dyrnar; hvísluðu; brutu sér leið í gegn:<sup>89</sup> „svo heyrri ég að hann labbar og tekur í húninn, og svo allt í einu verður hann reiður.“<sup>90</sup> Öfbeldi karla gegn konum í herbergjum þeirra er gömul kvennasaga og ný – sú öfbeldissaga endurómar millum alda svo vitnað sé til íslenskra miðaldaheimilda um öfbeldi innan veggja vistarvera kvenna, sagnadansa: „Þú braust upp mitt hæga loft, / þar að eg inni lá, / bæði hurð og gættir, / plokkaðir lokur í frá.“<sup>91</sup> — „Stundum kom hann inn í svefnherbergi og lyfti ofan af mér sænginni. Nei... [líkt og hún sé að segja stopp við gerandann].“<sup>92</sup>

Öfbeldi gegn heimilishjúum er ein birtingarmynd heimilisöfbeldis, sem þrífst á grundvelli hugmynda um friðhelgi heimilisins.<sup>93</sup> Ef brotið var á ráðskonum var eina úrræði þeirra að yfirgefa vistina, en það var ekki alltaf hlaupið að því:<sup>94</sup> „Ég

---

af ráðskonum sem frillum og kynferðislegu viðfangi í afþreyingarmeningunni. Sjá til dæmis Birgitta H. Halldórsdóttir, „Ráðskona óskast, má hafa sjónvarp...“, *Húnavaka* 1:26/1986, bls. 36–41.

<sup>89</sup> Sjá umfjöllun mína um innanstokksöfbeldi gegn konum í hjúastétt á fyrri öldum í sögulegum og skáldlegum heimildum: Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „„Hvað ertu að gera, maður?“ Heimildir um kynferðisöfbeldi gegn vinnukonum“, *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs*, 3. mars 2020, sótt 15. mars af <https://hugras.is/2020/03/hvad-ertu-ad-gera-madur-heimildir-um-kynferdisöfbeldi-gegn-vinnukonum/>.

<sup>90</sup> N.N. Viðtal við höfund. Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

<sup>91</sup> „Kvæði af herra kóng Símoni“, Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, Reykjavík: Rannsóknastofnun í bókmenntafræði; Menningarsjóður, 1979, bls. 230. Sjá einnig: Helga Kress, „Eftir hans skipun. Natansmál í ljósi sagnadansa og effirmæla Agnesar“, *Saga* 52/2014, bls. 99–118; Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Nútimasagnadansinn #MeToo“, *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs*, 2. janúar 2018, sótt 15. mars af <https://hugras.is/2018/01/nutimasagnadansinn-metoo/>; sami, „Drifting“, bls. 11–13; Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „Interviewing women about women - A narrative dance (sagnadans) with words“, erindi um frásagnir kvenna af kynbundnu öfbeldi í viðtölum og sagnadönsnum, flutt 1. júní 2017 á NonfictionNOW ráðstefnunni í Háskóla Íslands; Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir, „*Drösin dillaði þeim hún umni*“, *Þrír sangadansar í ljósi kennamenningar*, B.A.-ritgerð í þjóðfræði við Háskóla Íslands, 2016, bls. 31–32;

<sup>92</sup> N.N. Viðtal við höfund. Nafnleynd.

<sup>93</sup> Þess ber að geta að fyrstu löggin sem tóku til heimilisöfbeldis á Íslandi voru sett árið 2006. Almenn hegningarlög (heimilisöfbeldi). Lög nr. 27.

<sup>94</sup> Vilhelm Vilhelmsson fjallar um brothlaup hjúa úr vist á tímum vistarbandsins sem and-

hótaði að hringja í sýslumann ef hann myndi neita mér að fara, því ekki gæti hann haldið mér fanginni.<sup>95</sup> Einstæðu mæðurnar sem urðu fyrir ofbeldi í ráðskonuvistinni lýstu erfiðleikunum sem fólust í því að þurfa að fara úr einni vist í aðra með börn sín, meðal annars með hliðsjón af skólagöngu barnanna: „Þetta var erfiður staður að vera á með barnið mitt. Þetta var svolítið skrautlegt lið þarna. Það var ekki horft á neitt annað en klámspólur [vansældarhlátur],“ sagði ein fyrrum ráðskonan sem þurfti að þola kynferðislega áreitni á vinnustað sínum: „Ég var nánast föst á meðan barnið mitt var í skólanum, ég fór stuttu áður en skólinn kláraðist, þá gafst ég upp.“<sup>96</sup> Viðtölin sýndu hvernig ofbeldi sem ráðskonur með börn á sínu framfæri urðu fyrir á vinnustaðnum sveitaheimilinu, hafði aukinheldur áhrif á *öryggi* barna þeirra.

**Anon:** Svo var það í ágústlok, þá vakna ég við það einn morguninn að það er skotið úr byssu fyrir utan gluggann minn. Þá pakkaði ég niður og fór yfir á næsta bæ með börnin. Þá var hann [bóndinn] dauðadrukinn fyrir utan.

**Höfundur:** Af hverju var hann að skjóta fyrir utan gluggann hjá þér?

**Anon:** Af því hann var reiður við mig, af því ég hafði farið á ball.

**Höfundur:** Nú?

**Anon:** Já ég fór á sveitaball.

**Höfundur:** Var hann fúll af því þú fórst eða af því þú fórst án hans?

**Anon:** Hann var bara fúll að ég hafi yfir höfuð farið, ég fór aldrei með honum á ball. Maður var oft svaðalega ragur ef maður fór eitthvað og var að koma heim til baka, jafnvel þó það væri ekki nema að fara í verslunarferð; í hvaða ástandi hann gæti verið... Hann fór að drekka þeim mun meira og fór að handleika skotvopn.

**Höfundur:** Þegar hann skýtur fyrir utan gluggann þinn, ertu þá hrædd um líf þitt og barnanna?

**Anon:** Já.

---

óf gegn valdi húsbænda til að „mótmæla áreitni og yfirgangi yfirboðara“. Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk?*, bls. 142–155 og 242.

<sup>95</sup> N.N. Viðtal við höfund. Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

<sup>96</sup> N.N. Viðtal við höfund. Nafnleynd.

**Höfundur:** Hvernig bregstu við, hvað er það fyrsta sem þú gerir?

**Anon:** Ég reis upp úr rúminu og kíkti út um gluggann, sá hann þarna og það rauk úr byssunni hjá honum, svo ég sagði: „Krakkar, klæðið ykkur í fötin, við erum farin!“

**Höfundur:** Varstu hrædd á leiðinni í bílinn?

**Anon:** Já, já, ég var alveg drulluhrædd þá.<sup>97</sup>



Fyrrum ráðskona

Reynslufrásagnir ráðskvennanna af kynferðisofbeldi höfðu skýr sameiginleg einkenni hvort heldur varðar tjáningu þeirra, efnistöð og viðhorf; allt frá innbyggðri sorgartjáningu kvennanna til hugmynda þeirra um sjálfsábyrgð kvenna gegn ofbeldi karla: „Það þýddi bara ekkert væl. Við bara börðum frá okkur.“<sup>98</sup> Rannsóknir á sviði munnlegrar sögu vitna um mikilvægi þess að fólk sem hefur orðið

<sup>97</sup> N.N. Viðtal við höfund. Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu.

<sup>98</sup> N.N. Viðtal við höfund. Nafnleynd sökum inntaks efnisins en viðmælandinn kom þó fram undir nafni í viðtalinu. Til samanburðar má nefna rannsókn Estelle B. Freedman um sameiginlegan frásagnarhátt og efnistöð kvenna sem greindu frá kynferðisofbeldi í viðtölum sem tekin voru á tímabilinu 1930–1970 þar sem komu fram hugmyndir um sjálfsábyrgð kvenna gagnvart ofbeldi karla Estelle B. Freedman, „„Not a Word Was Said Ever Again“. Silence and Speech in Women’s Oral History Accounts of Sexual Harassment“, *Oral History Review* 50:1/2023, bls. 4–22, hér. bls. 17. Sjá einnig: Dalrún Kaldaqvísl, „Drifting“, bls. 11–14.

fyrir áfalli fái málrými til að tjá áfallatengda reynslu sína.<sup>99</sup> Munnlegar frásagnir fyrrum ráðskvenna af kynbundnu ofbeldi sem þær urðu fyrir voru að mörgu leyti innblásnar af nýtilkomnu tjáningarfrelsi kvenna með #MeToo-byltingu kvenna; ráðskonurnar höfðu þörf fyrir að skila skömminni. Viðtalsformið gaf konunum færi á að mæla #MeToo sögur sínar af munnni fram, líkt og ég hef fjallað ítarlega um í skrifum mínum um viðtalsfrásagnir ráðskvenna af ofbeldi.<sup>100</sup>

**Anon:** Já, honum [bóndanum] fannst að ég ætti að vera konan sín. Jesús minn góður, nei takk. Eins og ég sagði áðan, það var eins og hálfvert *njuddmjúdd* [á erfitt með að bera fram orðið] metoo, þú veist. Hann kom og tók utan um mig, þar sem ég var að elda eða baka. Þetta fór svo í taugarnar á mér.<sup>101</sup>

### *Að vistinni lokinni*

Einstæðu mæðurnar hugsuðu um ráðskonustarfið sem þrautalendingu, þar sem þær komust í var með börn sín til að ná fótfestu og um leið ná áttum í lífi sínu. Þrátt fyrir að ráðskonustarfið væri starf sem konurnar gerðu ráð fyrir að væri tímabundið, gengu sögusagnir um að konur réðu sig til ráðskonustarfa með það að markmiði að næla í bóndann. Enginn af viðmælendum rannsóknarinnar kvaðst hafa ráðið sig sem ráðskona til að leita sér að maka: „Ég fór með því hugarfari, að ég væri að fara í vinnu.“<sup>102</sup> Að því sögðu skapaði ráðskonustarfið forsendur fyrir þá einhleypu einstaklinga, sem hér koma við sögu, bændur og einstæðar mæður að draga sig saman á vettvangi sem bæði lífið og lífsafkoman grundvallaðist á; sveitaheimilinu. Fjölmargar kvennanna sem ég ræddi við átti í ástarsambandi við bóndann í ráðskonuvistinni og flestar þeirra kvenna giftust bændunum, sem voru yfirleitt nokkuð eldri en konurnar: „Við felldum saman hugi eins og sagt var í gamla daga, það var strax fyrsta mánuðinn minn þarna. Og elsta barnið okkar fæðist árið eftir.“<sup>103</sup> Þegar einstæðar mæður í ráðskon-

<sup>99</sup> Lynn Abrams, *Oral History Theory*, bls. 69–70; Sigrún Alba Sigurðardóttir, „Að bera kennsl á hið óvanta: Munnlegar heimildir: Móguleikar og sannleiksgildi“, *Hvað er sagnfræði? Rannsóknir og miðlun*, fyrirlestur frá hádegisfundum Sagnfræðingafélags Íslands 2006–2007, ritstjórar Guðbrandur Benediktsson og Guðni Th. Jóhannesson, Reykjavík: Skrudda, 2008, bls. 26–42, hér bls. 37–42.

<sup>100</sup> Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, „#MeToo mælt af munnni fram“; sami, „Documenting Tears“, birtist á vefsíðu tímaritsins *Oral History Review*; sami, *Huldufreyjur*, bls. 202–219.

<sup>101</sup> N.N. Viðtal við höfund. Nafnleynd.

<sup>102</sup> Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.

<sup>103</sup> Kristbjörg Ólafsdóttir (f. 1945), viðtal við höfund.



Blanca A. Ingimundardóttir

ustarfi tóku saman við bóndann sem réð þær í vist þá horfðu þær öðru fremur til þess hvort hann væri gott föðurefni fyrir börn sín: „Það var auðvelt að ná saman, hann var svo góður við strákana, og það þekkti ég ekki.“<sup>104</sup> Hluti kvennanna sá húsmóðurstarfið sem öruggari og betri valkost en ráðskonustarfið, því það veitti þeim og börnum þeirra endanlegt öryggi: „Þarna lýkur ráðskonusöggunni minni.“<sup>105</sup> Sveitabærinn var í senn vinnu- og dvalarstaður ráðskvenna og dvalarstaður barna þeirra ráðskvenna sem voru með börn á sínu framfæri. Í tilfelli húsmæðra var sveitahéimilið hins vegar eiginlegt heimili þeirra, þar sem þær voru ekki aðeins starfskraftur heldur líka formlegur hluti fjölskyldunnar. Svo vitnað sé í orð einnar ráðskonu sem tók saman við bóndann: „Auðvitað þegar ég er orðin húsmóðir þá er ég réttþærri og ég finn það alveg. Mér finnst ég ekki bara vera að vinna þarna, ég á heima þarna, það er sá munur. Ég tilheyri þessum stað þegar ég er orðin húsmóðir. Sem maður gerir kannski ekki eins þegar maður er ráðskona.“<sup>106</sup> Margar einstæðu mæðranna voru ungar að árum þegar þær sögðu skilið við ráðskonuhlutverkið og urðu húsmæður í sveit. Viðtölin endurspegluðu tíðaranda þar sem sjálfsgott og eðlilegt þótti að ungmenni stofnuðu fjölskyldur og

<sup>104</sup> Ágústa Anna Valdimarsdóttir (f. 1931), viðtal við höfund.

<sup>105</sup> Elín Íris Fanndal Jónasdóttir (f. 1963), viðtal við höfund.

<sup>106</sup> N.N. (fædd á 7. áratugnum), viðtal við höfund. Nafnleynd.



hæfu búskap, svo vitnað sé í orð bónda eins viðmælanda míns er tók við búskapi föður síns með eiginkonu sinni á 17 ára aldursári þeirra: „Þarftu ekki að rannsaka sögu þeirra mörgu kvenna sem á unglingsárum sínum eignuðust börn og hófu búskap á síðustu öld?“<sup>107</sup>



Kristbjörg Ólafsdóttir

Ráðskonustéttin hvarf að segja má af sjónarsviðinu undir lok 20. aldar er ráðskonustarfið á sveitaheimilum lagðist að mestu af. Þörf sveitaheimila fyrir starfskraft til að sinna heimilishaldi minnkaði í samræmi við sífellt minna vægi sveitabæjarins sem þjónustueiningar.<sup>108</sup> Á sama tíma hvarf stærsti hópur ráðskvenna á síðari hluta 20. aldar, einstæðu mæðurnar, af vettvangi sveitabæjanna samhliða miklum breytingum í velferðarmálum kvenna á 20. öldinni sem mörkuðu stöðu kvenna með hliðsjón af barneignum. Í því sambandi ber að nefna frjálssari löggjöf um þungunarrof og aukið framboð af getnaðarvörnum sem gerðu konum kleift að stýra barneignum sínum, líkt og eins ráðskonan sagði: „Pillan kemur og það er svo gott fyrir okkur konur að fá pilluna – við vissum það, að mörgu leyti. Þá verðum við svo frjálssar, ráðum hvenær við eigum börnin.“<sup>109</sup> Umbætur í forsjármálum barna höfðu einnig jákvæð áhrif á stöðu einstæðra mæðra sem

<sup>107</sup> Björn Magnússon (f. 1948), viðtal við höfund.

<sup>108</sup> Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, ritstjórar Guðmundur Jónsson o.fl, Reykjavík: Sögufélag, 2010, bls. 410–411.

<sup>109</sup> Ásta Salbjörg Alfreðsdóttir (f. 1956), viðtal við höfund. Sjá Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, „Þær þorðu, vildu og gátu“, bls. 444–447; Elfa Hlín Pétursdóttir, „Fóstureyðingar í íslenskri löggjöf“, *Sagnir* 23/2003, bls. 12–19, hér bls. 13–19.

voru í miklum meirihluta þegar litið er til einstæðra foreldra á Íslandi allt til loka 20. aldar, líkt og segir í *Konur sem kjósa*: „Með nýjum barnalögum árið 1992 var foreldrum heimilað að semja um sameiginlega forsjá barna sinna við skilnað og slíkt fyrirkomulag fór vaxandi næstu árin.“<sup>110</sup> Úrbætur í fæðingarorlofsmálum og dagvistunarmálum gegndu síðan lykilhlutverki hvað það varðar að tryggja vinnutengt sjálfstæði einstæðra mæðra enda „forsenda fyrir jafnrétti karla og kvenna á vinnumarkaði,“ svo vitnað sé í orð Sigríðar Th. Erlendsdóttur.<sup>111</sup>

## Lokaorð

**Jenný Sólborg:** Við ráðskonurnar erum glæsilegar gamlar konur. Við höfum lifað svo margt – að við verðum að lifa í minningunni.<sup>112</sup>

Þrátt fyrir að félagsleg staða einstæðra mæðra á Íslandi hafi batnað umtalsvert á 20. öldinni var lífsafkoma einstæðra mæðra í lægri lögum samfélagsins erfið allt til aldarloka. Færa má rök fyrir því að fátækar einstæðar mæður á síðari hluta 20. aldar hafi þurft að kljást við félagslegt misgengi í íslensku samfélagi í málefnum mæðra og barna þeirra. Þróun þéttbýlisins í anda fyrirvinnukerfisins gerði hreinlega ekki ráð fyrir konum í þessari stöðu og börnum þeirra, og því þurftu þær að leita á náðir sveitanna þar sem þær gátu í senn verið fyrirvinna og heimavinnandi starfskraftur. Á þessu tímabili var mikil gróska í kvenréttindamálum hérlandis þó hennar gætti lítið framan af til sveita, sem að hluta útskýrir brotthvarf kvenna þaðan til þéttbýlisins. Því er nokkuð öfugsnúíð að á þessum umbótatímum í réttindamálum kvenna hérlandis, þá hafi það verið innviðir hins rötgróna íslenska landbúnaðarsamfélags sem komu þessum berskjölduðu konum til bjargar.

Ráðskonustarfið þjónaði sem hálfgildings félagslegt úrræði fyrir einstæðar mæður sem gerði þeim kleift á eigin forsendum að fóta sig í lífinu. Ráðskonuvistin brúaði tímabil í lífi kvenna sem þurftu að brúa, ekki síst í erfiðu lífi einstæðra mæðra sem oftar en ekki höfðu enga til að reida sig á. Aðstöðuleysi (húsnæðisörðugleikar og fátækt), skortur á baklandi (fjölskylduaðstæður og aðkoma barnsfeðra) sem og skortur á félagslegum úrræðum (dagvistun barna og skatta-

<sup>110</sup> Kristín Svava Tómasdóttir, „Einkajafnréttisbaráttan“, bls. 570.

<sup>111</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 269 og 356–358. Sjá einnig Guðmundur Jónsson, „Hvers kyns velferðarkerfi?“, bls. 206.

<sup>112</sup> Jenný Sólborg Franklinsdóttir (f. 1938), viðtal við höfund.

legur stuðningur), var forsenda þess að einstæðar mæður lögðu land undir fót og gerðust ráðskonur í sveit með börn sín. Ráðskonustarfið bauð þessum konum lausn á erfiðistímum, því starfið fól í sér að þær og börn þeirra nutu húsnæðis og fengu fæði sem launaígildi, að ógleymsdu því að ráðskonustarfið gerði konunum kleift að annast börn sín samhlíða vinnu sinni – og því þurftu þær ekki að útvega og greiða fyrir dagvistun barna sinna. Konurnar upplifðu sig um margt sem utanaðkomandi hjargvætt húsmóðurlausra sveitabæja, sem efldi vinnutengda sjálfsmynd þeirra á tímum þegar þær stóðu höllum fæti í lífi sínu.

Þrátt fyrir að ráðskonustarfið hafi verið mikið þarfaping fyrir einstæðar mæður á þeim tíma sem hér er til umfjöllunar, þá var hér engu að síður um fallvallt athvarf að ræða fyrir þessar berskjölduðu konur og börn þeirra. Vinnutengt samband millum bænda og ráðskvenna grundvallaðist á stórfelldu valdamisræmi. Bændurnir höfðu dæmalaust mikil ítök í persónulegu lífi ráðskvennanna, því þeir voru ekki einungis vinnuveitendur ráðskvennanna, heldur útveguðu þeir einnig konunum og börnum þeirra fæði og húsnæði. Stór hluti kvennanna varð fyrir ofbeldi, sérílagi kynferðisofbeldi, í ráðskonuvistinni. Viðtalsformið ljáði þeim fyrrum ráðskonum málsrými til að ræða ofbeldið sem þær urðu fyrir í vistinni.

Ráðskonusagan er að miklu leyti mæðrasaga; saga af sjálfstæðum mæðrum sem vildu hlúa vel að börnum sínum, nokkuð sem mótaði gerðir þeirra í lífinu – meðal annars þá ákvörðun þeirra að gerast ráðskonur í sveit með börn sín. Líkt og ein ráðskonan sagði: „Móðir er alltaf móðir, fyrst og fremst.“<sup>113</sup> Einstæðar mæður sem fóru í ráðskonuvist, urðu margar hverjar eins konar farandhúsmæður, sem fóru á milli bæja, uns þær gátu komið undir sig fótunum með öðrum hætti. Stundum lauk því ferðalagi ráðskvennanna með því að þær giftust bændunum sem þær unnu hjá og þá hófst saga þeirra sem húsmæðra í sveit – á meðan aðrar ráðskonur héldu fôr sinni áfram með börn sín, sem sjálfstæðar mæður.

**Óska eftir að komast sem ráðskona í sveit eða þorp hjá barngóðum manni. Er sjálfstæð móðir með tvo drengi, 3 og 6 ára. Vinsamlegast sendið svör til DV, merkt „123“.**

Auglýsing sem birtist í Dagblaðinu Vísi árið 1989.

<sup>113</sup> Katrín Björgvinsdóttir (f. 1953), viðtal við höfund.

## ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er sjónum beint að sögu einstæðra mæðra sem gerðust ráðskonur í sveit á síðari hluta 20. aldar. Greinin byggir á viðtölum sem tekin voru við fyrrum ráðskonur, í því skyni að miðla sjónarhorni kvennanna sjálfra. Rýnt er í ástæðurnar að baki því hvers vegna konur réðu sig í ráðskonuvist á sveitaheimili á þessu tímabili Íslandssögunnar, sem einkenndist af sívaxandi sókn kvenna á vinnumarkaðinn og mikilli uppbyggingu velferðarkerfisins. Fjallað er um hvernig ráðskonustarfið þjónaði sem hálfgildings félagslegt úrræði fyrir einstæðar mæður sem voru á hrakhólum í efnahagslegu og atvinnulegu tilliti – úrræði sem gagnaðist mörgum einstæðum mæðrum vel en var engu að síður brígdult líkt og sögur þeirra sýna.

*Lykilord:* einstæðar mæður; ráðskonur; sveitaheimili; munnleg saga; feminísk saga

## ABSTRACT

### **Independent mothers**

### **Single mothers working as live-in housekeeperes**

This article focuses on the history of single mothers who worked as live-in housekeepers in rural Iceland in the second half of the 20th century. Using interviews with former housekeepers, this article aims to tell the women's history from their own perspective. The article explores why women became housekeepers at farms in the second half of the 20th century, during an era when women had greater opportunities for employment than before. It then explores how the housekeeping profession served as a social resource for single mothers in Iceland – while shedding light on the risks that the women faced in their work environment on the farms.

*Keywords:* single mothers; live-in housekeepers; farms; oral history; feminist history

DALRÚN KALDAKVÍSL

Doktor í sagnfræði

[dalrunsaga@gmail.com](mailto:dalrunsaga@gmail.com)